



Fréttabréf miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins 1963 – 1966, 2. hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Fréttabréf miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins 1963 - 1966

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-41, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FRÉTTABRÉF

MÍDSTJÓRNAR
SJÁLFSTÆÐIS-
FLOKKSINS

Nr. 5

Mai

1963

Undur og viðundur í gjaldeyrismálunum

Ólafur Thors, forsætisráðherra sagði í ræðu á Alþingi 16. apríl s.l., þegar þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar var lögð fram:

„A undanfönum þremur árum hefur verið lögð á það mikil áherzla, að styrkja stöðu landsins út á við. Sú aukning þjóðarframleiðslunnar, sem orðið hefur á þessu tímabili, hefur að verulegu leyti verið hagnýtt í þessu skyni. Stórkostlegur árangur hefur náðst í þessu efni og batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um tærar 1300 millj. á árunum 1960—1962. Þótt enn sé mikilvægt, að gjaldeyrisforðinn haldi áfram að aukast, telur ríkisstjórnin ekki nauðsynlegt að leggja á þetta sömu áherzlu og gert hefur verið á undanfönum árum vegna þess mikla árangurs, sem þegar hefur náðst.“

(Morgunblaðið, 17. apríl, 1963).

Í almennum útvarpsumræðum frá Alþingi 17. apríl s.l. lýsti Eysteinn Jónsson ástandi gjaldeyrismálanna nú og viðhafði um sínar eigin skyringar þessi orð:

„Petta er furðuleg útkoma og skýtur illa skökku við skrum stjórnarflokkanum.“ (Tíminn, 25. apríl, 1963).

Í frásögn af þessari ræðu Eysteins í Tímanum 18. apríl, 1963, segir:

„Forsætisráðherra kórónaði svo þennan hráskinnsliek varðandi afkomuna út á við í framsöguræðu sinni fyrir þjóðhagsáætluninni, er hann sagði, að nú stæði svo vel, að engin þörf væri á að leggja áherzlu á gjaldeyrisstöðuna, eins og gert hefði verið. Í árslok 1958 stóð miklu mun betur, eins og áður segir, en þegar „viðreisninni“ var dembt yfir þjóðina og hin gífurlega kjaraskerðing hófst var sagt, að afkoma landsins út á við væri svo slæm, að landið væri bokstaflega að fara á hausinn!! Hefur forsætisráðherra því sjálfur staðfest og viðurkennt, að forsendur viðreisnarinnar voru hreinar falsanir og blekkingar.“

Öðrum en Framsóknarmönnum eru ummæli Eysteins og skrif Tímans aðeins brosleg tilraun til að snúa við staðreyndum. Skal hér vikið að málinu.

Heilbrigð stefna í gjaldeyrismálunum markast af þessu tvennu:

- 1) Nýtt sé erlent lánsfé, sem fáanlegt er til þess að auka getu þjóðarinnar til framkvæmda, en ekki til þess að slaka á þeim kröfum, er þjóðin gerir til sjálfarar sín um að leggja af mörkum, til þess að tryggja framtíð sína. Þetta gerist með hóflegum lántökum á hagkvænum kjörum til langs tíma, til arðbærra og framleiðsluaukandi framkvæmda.
- 2) Þjóðin eigi jafnan nægum gjaldeyrisforða yfir að ráða til þess að geta rekið viðskipti sín truflanalaust og jafnað út sveiflur í utanríkisviðskiptum, er stafa af árferði, aflabrógðum og markaðsástandi. Þetta gerist með því að efla og viðhalda hæfilegum gjaldeyrissjóði.

Það er einkenni góðrar stjórnar gjaldeyrismálanna, að þessum atriðum sé ekki blandað saman, þannig að gjaldeyrisforðanum sé ekki eytt upp í stað þess að tekin séu lán til langs tíma. Veik og fálmkennd stjórn einkennist aftur á móti af því, að grípa til hvers eyris, sem í næst án tillits til áhrifa þess á getu þjóðarinnar til þess að inna af hendi vætanlegar greiðslur samkvæmt skuld-bindingum. En þetta voru einmitt aðaleinkenni vinstri stjórnarinnar. Hún gerði erlent lánsfé að líftaug uppbótakerfisins og tók hvert náðarlánið af öðru, til þess að bjarga við gjaldeyrisstöðunni. Vinstri stjórnin byggði tilveru sína og uppbótakerfis síns á óhóflegum lántökum og sóun gjaldeyris í hátollavörur. Hún bar því dauðameinið í sjálfu skipulagi sínu.

Í eftirfarandi töflu er þróun þessara mála rakin í höfuðdráttum, sýnd er gjaldeyrisstaðan, sem er eignalíður og þrír skuldaleiðir, skuld við Greiðslubandalag Evrópu, skuldir til lengri tíma en eins árs og greiðslufrestur innflytjenda. Loks er sýndur mismunur skulda og eigna, nettóskuldin. Ennfremur eru sýndar þær breytingar, sem urðu á árum vinstri stjórnarinnar 1957 og 1958 annars vegar og hins vegar á viðreisnartímanum 1960—1962.

Gjaldeyrisstaða og erlendar skuldir 1956—1962.

Millj. kr. (núgildandi gengi)

Staða í árslok:	1956	1958	1959	1962
Gjaldeyrisstaða	163,9	228,5	-143,8	1150,0
Skuld við Greiðslubandalag Evr.	235,3	298,6		
Erlendar skuldir til lengri tíma				
en eins árs	1177,9	1924,6	2491,5	2775,6
Greiðslufrestur innflytjenda ...	50,0	50,0	50,0	412,5
Nettóskuld við útlönd	1299,3	2044,7	2685,3	2038,1

Breytingar:	1957 og 1958	1960—1962
Gjaldeyrisstaða	64,6	1293,8
Skuld við Greiðslubandalag Evr.	63,3	
Erlendar skuldir til lengri tíma		
en eins árs	746,7	284,1
Greiðslufrestur innflytjenda ...		362,5
Nettóskuld við útlönd	745,4	÷ 647,2

Hér kemur fram, að á árum vinstri stjórnarinnar var halli á viðskiptunum út á við sem nam 745,4 millj. kr. árin 1957 og 1958 eða um 372,7 millj. kr. á ári að jafnaði.

Vinstri stjórnin brást við þessum vanda með því að magna höftin og uppbótarkerfið og taka hvert gustukalánið af öðru. Þetta framferði rýrði svo álit þjóðarinnar og traust á greiðslugetu hennar, að heilbrigðar og skynsamlegar lántökur á viðskiptagrundvelli voru ekki færar, fyrr en að afstaðinni efnahagsviðreisn. Áður en ráðrúm gafst til þess að breyta um kerfi, þ. e. til ársloka 1959, hafði þessi óheillastefna aukið skuldir við útlönd upp í 2685 millj. kr.

Varðandi gjaldeyrisstöðuna í tíð vinstri stjórnarinnar, er rétt að taka fram, að skuldin við Greiðslubandalag Evrópu var þá óumsamin lausaskuld. Var hún á þeim tíma reiknuð með gjaldeyrisstöðunni, þannig að staðan taldist neikvæð um 70 millj. kr. í árslok 1958. Árið 1959 var þessari skuld breytt í lán til 7 ára og var gjaldeyrisstöðu undanfarinna ára þá breytt samkvæmt því. Gjalddeyrisstaðan á tíma vinstri stjórnarinnar lítur því betur út á framangreindri töflu en hún var þá í raun og veru.

Pá skal fram tekið, að í tíð vinstri stjórnarinnar voru ekki til nákvæmar upplýsingar um greiðslufrest innflytjenda og er upphæð þeirrar skuldar fyrir það tímabil áætluð af Seðlabankanum 50 millj. kr.

Á fyrsta ári viðreisnarinnar var neikvæður viðskiptajöfnudur og tilsvarandi aukning skulda við útlönd vegna geysimikils innflutnings báta og skipa, er nam næstum tvöfaldri upphæð viðskiptahallans. En árið 1961 og 1962 komu áhrif viðreisnarinnar fram í stórbættri gjaldeyrisstöðu og nokkurri lækkun skulda til langs tíma, en nokkur aukning skulda kom fram í því formi, að nýttur var frekar en áður greiðslufrestur til innflytjenda, er fæst með hagstæðum kjörum.

Áhrif viðreisnarstefnunnar má bezta marka á því, að árin 1961 og 1962 lækkæði nettóskuld þjóðarinnar við útlönd um 948,7 millj. kr. Þetta fólst í 1023,1 millj. kr. aukningu gjaldeyrisforðans, 96,3 millj. kr. lækkun skulda til langs tíma, en á móti kom 170,7 millj. kr. hækkun á greiðslufresti innflytjenda.

Sérstakur samanburður milli vinstri stjórnarinnar og viðreisnarstjórnarinnar lítur þannig út:

- 1) Í tíð vinstri stjórnarinnar, árin 1957 og 1958, hækkaði nettó-skuldin við útlönd um 745,5 millj. kr. á sama tíma og fjárfesting þjóðarinnar nam 5316 millj. kr. (á verðlagi ársloka 1962).
- 2) Á tímabili viðreisnarstjórnarinnar, 1960—1962, lækkaði nettó-skuldin um 647,2 millj. kr. á sama tíma, sem fjárfesting þjóðarinnar nam 8146 millj. kr. (á verðlagi ársloka 1962).

Af framangreindu má ljóst vera, hvert átak hefur verið gert í gjaldeyrismálum þjóðarinnar á viðreisnartímabilinu.

Það er þá fyrst, sem hægt er að móta og framkvæma ákveðna og yfirvegaða stefnu varðandi erlendar lántökur.

Það er þá fyrst, sem hægt hefur verið að stefna markvisst að eflingu gjaldeyrissjóðs.

Má með sanni segja, að á viðreisnartímanum hefur skeð undur í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, og nú gerir Eysteinn Jónsson sig að viðundri með því að fullyrða, að ekkert hafi áunnist.

Ný lög um almannatryggingar

Í marz s.l. lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp að nýjum lögum um almannatryggingar. Hafði frumvarp þetta verið samið af sérstakri nefnd, sem skipuð hafði verið í september 1960, til þess að endurskoða í heild lögum um almannatryggingar. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi 18. apríl s.l. Í lögum þessum voru gerðar stórfelldar endurbætur á tryggingakerfinu og eru þessar helztar:

- 1) Allir skuli njóta bótaréttar hjá almannatryggingum, þ. e. a. s. einnig þeir félagar sérstakra lífeyrissjóða, sem hingað til hafa ekki átt lífeyrisrétt. Þó er gert ráð fyrir endurskoðun á reglum hvers lífeyrissjóðs áður en breyting þessi kemur til framkvæmda.
- 2) Fjölskyldubætur verða greiddar með öllum börnum, þ. e. einnig þeim, sem njóta barnalífeyris eða eiga framfærsluskyldan föður utan fjölskyldunnar.
- 3) Fæðingarstyrkir hækka og verða 4.000 kr. við hverja fæðingu og er þetta 56% auksning.
- 4) Ekkjulfeyrir var stórbættur. Nú á 50 ára ekkja að fá 25% af örorkulifeyri, en fékk áður aðeins 10%, 60 ára ekkja fær 75% í stað 58% og 65 ára ekkja 100% í stað 88%.
- 5) Dánarbætur eftir þá, sem farast af slysförum hækka stórkostlega. Í stað eingreiðslu, 106.516,00 kr., nema bæturnar nú 192.000,00 kr., greiddar mánaðarlega á 8 árum.

- 6) Lágmark sjúkradagpeninga hækkaði stórlega og sjúkradagpeningar verða greiddir allt að 52 vikur í stað 26.
- 7) Dagpeningar eftir slys verða greiddir allt að 52 vikur í stað 26 vikur nú og upphæðir hækkuðu um 7%.
- 8) Slys- og sjúkradagpeningar skulu renna til vinnuveitanda, ef hann greiðir hinum tryggða kaup á dagpeningatímabili.
- 9) Héraðssamlög skulu taka við tryggingu langvarandi sjúkravistar af sjúkrasamlögum.

Gert er ráð fyrir, að hin nýju lög taki gildi hinn 1. janúar 1964. Útgjaldaaukning tryggingakerfisins nemur 54,1 millj. kr. vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru með lögum þessum.

Áður hafði númerandi ríkisstjórn fengið lögfestar stórfelldar endurbætur á tryggingarlöggjöfínni og er greint frá þeim í Fréttabréfi nr. 2 bls. 10—12.

Réttarbætur til opinberra starfsmanna

Launakjör opinberra starfsmanna hafa verið ákveðin í launalaögum, sem Alþingi hefur sett. Lengi hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja haft uppi þá kröfu, að þessari skipan væri breytt. Í stað launalaga kæmi kjarasamningur milli ríkissjóðs og bandalagsins, þ. e. opinberir starfsmenn fengju samningsrétt. Ýmsir hafa einnig krafizt verkfallsréttar til handa opinberum starfsmönnum.

Í nóvember 1959 var skipuð nefnd, sem skyldi athuga um og undirbúa löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna. Nefnd þessi vann að málínu um tveggja ára skeið og skilaði álti til ríkisstjórnarinnar í nóvember 1961. Nefndin klofnæði um málid, og skipaði ríkisstjórnin nefnd þriggja manna, er skyldi vinna úr upplýsingum og álitum þeim, er fram hefðu komið. Ennfremur var haft samráð við B.S.R.B. og samþykkti stjórn bandalagsins einróma að mæla með því, að það frumvarp yrði lögfest, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi og samþykkt var sem lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Með lögum þessum var ákveðið að

- 1) veita hinum opinberu starfsmönnum samningsrétt.
- 2) sáttasemjari skuli fjalla um málid, ef samningar nást ekki,
- 3) sérstakur kjaradómur, þar sem báðir aðilar eiga fulltrúa, en Hæstiréttur skipar þó meirihlutann í, útkljái málín til fullnáðar, ef samningaumleitanir og starf sáttasemjara hafi ekki leitt til niðurstöðu.

Þetta þýðir, að launalog eru úr sögunni að því er snertir kjaramál, en hins vegar er því banni haldið, sem var í lögum gegn verfalli opinberra starfsmanna.

Pegar opinberir starfsmenn höfðu unnið þessar miklu réttarbætur hefði mátt ætla, að lögð hefði verið áherzla á að gera samningsréttinn raunhæfan þannig, að ekki þyrfti að koma til þess, að hinn lögskipaði gerðardómur, kjaradómur, þyrfti að ákveða launakjörin. En því var ekki að heilsa.

Pegar forusta Framsóknar og kommúnista í B.S.R.B. lagði fram launakröfur sínar, vöktu þær mikla athygli og undrun. Þeir lægsta-launuðu áttu að fá langminnstar hækkanir, þeir hæstlaunuðu áttu að fá mest. Meðalhækkun var 120% eða rúmlega tvöföldun launa. Launagreiðslur ríkisins voru um 500 millj. kr. á ári, og áttu þær því að hækka um 600 millj. Pégar það er athugað, að heildartekjur ríkisins eru rúmar 2000 millj. kr., þurfi því að hækka allar álögur á landfólkini um ca. 30%, til þess að standa undir þessum nýju útgjöldum. Þessar kröfur gátu ekki leitt til annars en upplausnar á efnahagskerfi þjóðarinnar og stórfelldrar gengislækkunar, ef að þeim hefði verið gengið.

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, sagði í dagblaðinu Vísni 17. október s.l.:

„Við þá endurskoðun á launakjörum opinberra starfsmanna, sem stendur nú fyrir dyrum, verður að hafa í huga þessi meginjónarmið:

- 1) Opinberir starfsmenn þurfa og eiga að fá kjarabætur.
- 2) Réttu þarf hlut þeirra, sem með löngu og dýru námi hafa búið sig undir ábyrgðarmikil störf.
- 3) Hve mikil þarf að hækka tolla og skatta, til þess að borga kjarabæturnar, og hver áhrif hafa þær hækkanir opinberra gjalda á lífskjörin í landinu almennt.“

Pann 7. febrúar s.l. voru lagðar fram af hálfu ríkisstjórnarinnar tillögur, er fólu í sér kjarabætur til opinberra starfsmanna, allt upp í 40% launabætur til sumra starfshópa, en meðalhækkun um 16%. Auknar launagreiðslur samkvæmt þessu tilboði voru taldar nema um 80 millj. kr. á ári. Ríkisstjórnin gerði að sjálfsögðu ráð fyrir því, að þá þegar byrjuðu viðræður milli samninganefnar ríkisins og kjararáðs B.S.R.B. um tillögurnar og þar á meðal um niðurröðun starfsmanna í launaflokka. En vinstri forustan í samtökum opinberra starfsmanna var á öðru máli og kom lengi vel í veg fyrir samningaumræður um málin og hóf ófyrirleitinn áróður gegn tillögum ríkisstjórnarinnar. Þessi framkoma vinstri forustunnar benti ótvíraett til þess, að hún skeytti ekkert um að nota samningsréttinn, heldur stefndi málinu vitandi vits til dóms. Ríkisstjórnin lét hins vegar ekki neins ófreistað til að reyna að koma

málum svo fyrir, að samningar tækjust, en án árangurs og hefur nú málinu verið skotið til kjaradóms.

En þetta breytir engu um það, að

- 1) núverandi ríkisstjórn hefur veitt opinberum starfsmönnum mikilvæg réttindi, sem þeim hefur allt af áður verið synjað um og
- 2) löginn um kjarasamninga opinberra starfsmanna marka tíma-mót í sögu íslenzkra launamála.

Bygging íbúðarhúsa

Eitt af því, sem stjórnarandstaðan hefur viljað gera að áfellisdómi yfir núverandi ríkisstjórn er, að samdráttur hafi orðið í byggingu íbúðarhúsa. En felst í þessu áfellisdómum yfir ríkisstjórninni?

Hér fer á eftir tafla yfir fjárfestingu í íbúðarhúsum árin 1957—1962, reiknað á verðlagi í árslok 1962.

Fjárfesting í íbúðarhúsabyggingum.

	Millj. kr.					
1957	1958	1959	1960	1961	1962	
877	759	847	737	570	618	

Af töflu þessari sézt, að á árum vinstri stjórnarinnar nam fjárfesting í íbúðarhúsabyggingum 818 millj. kr. að meðaltali á ári, en hefur síðan verið 693 millj. kr. á ári. Er þetta 125 millj. kr. lækkun, eða 15%. Þessa lækkun telja nú stjórnarandstæðingar vera eitt sitt helzta haldreipi í gagnrýni sinni á ríkisstjórnina.

Það, sem einkennir málflutning stjórnarandstæðinga, er að þeir tala um íbúðarhúsabyggingar, eins og þær standi ekki í neinu sambandi við þörfina fyrir íbúðarhúsnæði.

Á árunum frá 1952—1953 reis mikil byggingaralda. Á áratugnum 1953—1962 voru fullgerðar um 13 þús. íbúðir. Miðað við meðalfjölda fólks á hverja íbúð svaraði þetta til þess, að byggt hafi verið yfir um 58 þús. manns, en á sama tíma nam fólksfjölgun þjóðarinnar um 34.500 manns. Var því byggt umfram fólksfjölgun fyrir sem svarar 23—24 þús. manns og leiddi það að sjálfsögðu til stórfelldra bóta á húsnæðisástandinu.

Þessi byggingaralda hafði kostnað í för með sér, er nam um 40% af fjárfestingunni, en um 10% af þjóðarframeiðslunni allri, þegar mest var. Eftir að svo vel hafði verið séð fyrir húsnæðispörfinni, hlutu íbúðabyggingar að dragast nokkuð saman og þjóðin að beina atorku sinni meira að öðrum þörfum, sem orðnar voru

brýnni. Þess vegna lækkaði fjárfesting í íbúðarhúsum árið 1957 um 7% frá árinu 1956 og lækkuðu enn um rúm 13% árið 1958. Þetta var á valdaárum vinstri stjórnarinnar. Íbúðabyggingarnar hækkuðu nokkuð aftur árið 1959, en hafa verið nokkru minni síðan. Þessa þróun verður að telja eðlilega.

Ennfremur ber að hafa í huga, að ríkisstjórnin verður fremur dæmd af fyrirgreiðslu sinni við íbúðabyggingar heldur en af tölf fullgerðra íbúða. Sjálfar íbúðabyggingarnar eru ekki á vegum ríkisins. Hins vegar markar stjórnin stefnuna í peningamálunum og gerir ráðstafanir í lánamálum íbúðabygginga. Til þess að frammi staða núverandi ríkisstjórnar í húsnæðismálunum verði rétt metin, er þýðingarmikið að gera samanburð á:

- 1) útlánum almenna veðlánakerfisins,
- 2) hlutfalli útlána miðað við íbúðabyggingar og
- 3) notagildi íbúðalána miðað við byggingarkostnað.

Þessi atriði koma fram í eftirfarandi töflu:

	1957	1958	1959	1960	1961	1962
Íbúðabyggingar á verðlagi hvers árs, millj. kr.	565	517	628	578	502	618
Útlán almenna veðlánakerfisins, millj. kr.	45,7	48,8	34,5	52,2	78,0	86,6
Útlán í hlutfalli við íbúðabyggingar, %	8,1	9,4	5,5	9,0	15,5	14,0
Notagildi útlána miðað við byggingarkostnað ársins 1962	69,5	70,1	45,6	65,1	85,5	86,6

Af þessu yfirliti sétt, að hlutfallsleg þýðing og beint notagildi útlánanna eykst stórlega eftir að uppbyggingarstarfs viðreisnarinnar fer að gæta. Tölurnar fyrir árið 1961 og 1962 sýna mun betri framgöngu viðreisnarstjórnarinnar heldur en vinstri stjórnarinnar. Er sérstaklega athyglisvert, að notagildi útlánanna miðað við verðlag eykst mjög.

En auk þessa hafa framlög til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspíllandi íbúða vaxið stórum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Á yfirstandandi ári munu útlán almenna veðlánakerfisins enn aukast mjög, og er ætlunin, að þau nemi 110 millj. kr. og hafa þegar verið veitt lán að upphæð 85 millj. kr.

Af framangreindu má ljóst vera, að

- 1) samdráttur í íbúðarhúsabyggingum í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur ekki orðið vegna minni fyrirgreiðslu af opinberri hálfu, — heldur
- 2) þrátt fyrir meiri fyrirgreiðslu en í tíð vinstri stjórnarinnar, vegna þess að
- 3) ekki þurfti að byggja meira til að fullnægja íbúðapörfinni.

Verðlagsráð sjávarútvegsins

Í tíð hafta- og uppbótakerfisins voru að jafnaði meiri eða minni erfiðleikar á ákvörðun fiskverðs við hver áramót. Afleiðingin varð sú, að oft og tíðum stöðvaðist fiskiskipaflotinn og hóf ekki veiðar, fyrr en komið var nokkuð fram á vertíð. Það fell í hlut ríkisstjórnar að koma á samningum um fiskverðið, enda var verðið oftast raunverulega ákveðið af ríkisstjórn, þar sem það var háð ákvörðun ríkisvaldsins varðandi uppbætur á hverjum tíma.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, var gert ráð fyrir, að frjálsir samningar yrðu um fiskverðið. Það kom hins vegar í ljós, að sú skipan gekk ekki vel, þar sem erfiðleikar voru á að koma á frjálsu samkomulagi. En mikið veltur að sjálfssögðu á því, að ákvörðun fiskverðs geti gengið sem fljótað og snurðuminnst, svo að dráttur á þeirri ákvörðun verði ekki til þess, að útgerðin stöðvist á vertíð.

Af þessum sökum fékk núverandi ríkisstjórn sett lög nr. 97/1961 um verðlagsráð sjávarútvegsins. Samkvæmt lögum þessum er komið á fót verðlagsráði sjávarútvegsins, og skipar sjávarútvegsmálaráðherra menn í verðlagsráð eftir tilnefningu fisksöluaðila annars vegar og fiskkaupenda hins vegar.

Áðalverkefni verðlagsráðs eru að:

- 1) Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum þess sjávarafla, sem sendur er til vinnslu hér á landi eða setja skal í skip eða annað flutningatæki til útflutnings óunninn,
- 2) fylgjast með markaðsverði sjávaraflurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma,
- 3) safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins, svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla.

Ef ekki næst einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, ber að vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið.

Sérstök viðræðunefnd fiskseljenda og fiskkaupenda undirbjó frumvarp að lögum þessum og átti viðræður við samtök þessara aðila, sem töldu að mál þessi yrðu eigi leidd til lykta á farsælli hátt en þann, að komið yrði á fót sérstakri verðlagsstofnun fyrir sjávarútveginn.

Með lagasetningu þessari hefur það gerzt, að

- 1) farið er inn á nýja braut í kjaramálum með því að fela sérstökum dómstóli úrskurðarvald í kjaramálum.
- 2) tryggt er, að útgerð stöðvist ekki, vegna þess að ekki hafi náðst samkomulag um fiskverð.

Vinarkveðjur

Á þessu kjörtímabili hafa Framsókn og kommúnistar staðið saman í órjúfandi fylkingu gegn ríkisstjórninni. Með Eystein Jónsson og Einar Olgeirsson í broddi fylkingar hafa þeir sameinast í ofsa-fengnum áróðri sínum gegn viðreisnarstefnunni. Eðli þessa bandalags má nokkuð marka af kveðjum þeim, sem hér fara á eftir milli þeirra vina.

Kveðja Eysteins:

„Forustulið kommúnista sveitist hér blóðinu við að koma á þjóðskipulagi kommúnismans, einræðisríki og löggregluríki á miðaldavísu. Þetta eru hrein pólitisk nátttröll, hreinir afturhaldsmenn, sem boða afsal flestra mann- og þjóðfélagsréttinda, sem beztu menn mannkynsins hafa fórnað lífi sínu til þess að fá viðurkennd. Forustulið kommúnista er fimmtra herdeild kommúnismans á Íslandi og vinnur í þágu heimsyfirláðastefnu kommúnismans.“

(Alpt. 1953, D, bls. 526).

Kveðja Einars:

„Annars er það athyglisvert, að Eysteinn talar mikið um það, hvaða stjórn muni taka við, en hann minnist ekki einu orði á, hvaða málefni verði samið um. Astæðan er sú, að Eysteinn einblínir á að vera í stjórn, hvernig svo sem stjórnin er. Hann er skammsýnn stjórnunálamaður og hefur engan áhuga á málefnum. Hann á enga stóra stefnu. Hann getur ekki skilið hugsjónabaráttu. Þess vegna óttast Eysteinn ekkert eins og að lenda utan ríkisstjórnar.“

(Þjóðviljinn, 6. ágúst 1959).

Fjárfesting í opinberum framkvæmdum

Síðustu árin hefur orðið stórstíg aukning á flestum sviðum opinberra framkvæmda. Dæmin eru augljós hverjum manni, er líta vill kringum sig. Um hið efnahagslega og verklega átak í þessum efnum tala þó tölurnar skýrustu máli og gefa gleggst heildaryfirlit.

Hér fer á eftir tafla um framkvæmdir við mannvirki og bygg-

ingar hins opinbera árin 1957—1962. Allar tölur eru byggðar á föstu verðlagi, eins og það var í árslok 1962.

Fjárfesting í opinberum framkvæmdum 1957—1962.

Milljónir króna.

	1957	1958	1959	1960	1961	1962*
Mannvirki og byggingar hins opinbera, alls	672	705	741	736	687	786
1. Rafvirkjanir og rafveitir	177	290	256	172	115	127
2. Hita- og vatnsveitur ..	45	60	68	68	42	93
a. Hitaveitur og jarðhitaboranir	34	44	52	53	30	75
b. Vatnsveitur	11	16	16	15	12	18
3. Samgöngur	320	216	269	328	315	346
a. Vegir og brýr	69	63	58	61	75	92
b. Götur og holræsi ..	61	58	70	66	61	66
c. Hafnir og vitar	73	54	63	71	76	70
d. Flugvellar	16	8	18	13	11	11
e. Póstur, sími og útværp	101	33	60	117	92	107
4. Byggingar hins opinb.	130	139	148	168	215	220
a. Skólar og íþróttamannvirki	56	51	53	65	106	100
b. Sjúkrahús	33	35	31	32	26	40
c. Félagsheimili	25	38	47	55	61	60
d. Aðrar opinberar byggingar	16	15	17	16	22	20

* Bráðabirgðatölur.

Fjárfesting í mannvirkjum og byggingum hins opinbera var samtals 688 millj. kr. að meðaltali á ári í tíð vinstri stjórnarinnar, en hefur verið 736 millj. kr. að meðaltali á ári hvert ár viðreisnarstjórnarinnar, þ. e. 48 millj. kr. hærri á ári eða 7%. Þetta er út af fyrir sig ekki ýkja mikil aukning, en þó verður og að taka tillit til þess hvers eðlis fjárfestingin hefur verið á þessum tveimur tímabilum.

Framkvæmdir við virkjanir og veitur fylgjast að mestu leyti að við þróun notkunarinnar í viðkomandi greinum, en í misstórum áföngum eftir því hvernig virkjunnarskilyrðum er háttáð. En auðséð er, að engum tilgangi þjónar að virkja raforku, fyrr en í tæka tíð fyrir væntanlega aukningu notkunar. Fjároflun til þessara fram-

kvæmda er og fyrst og fremst með lánum, einkum erlendum, er greiðast á löngum tíma, og mikill hluti fjármunanna er af erlendum uppruna. Þessar framkvæmdir eru því ekki samtíma innlent áatak með sama hætti og þær framkvæmdir, sem greiddar eru af venjulegum fjárveitingum og eru meir af innlendum uppruna. Þannig stóð á virkjunaráföngum, að stórframkvæmdir á þessu sviði félru á tímabil vinstri stjórnarinnar og næstu ár á eftir. Virkjunar- og veituframkvæmdir námu 286 millj. kr. að meðaltali á ári í tíð vinstri stjórnarinnar. Árið 1959 voru þessar framkvæmdir talsvert meiri eða 324 millj. kr., en hafa aftur verið lægri á núverandi stjórnartímabili eða 206 millj. kr. að meðaltali ár hvert. Sem stendur er hins vegar kominn skriður á stórfelldar hitaveituframkvæmdir, og stórframkvæmdir í raforkumálum eru á næsta leiti. En í þessum greinum eru skilyrði til fjárlunar hagstæðari og tryggari en nokkuð sinni fyrr, og er það árangri viðreisnarinnar að þakka.

Aðrar framkvæmdir hins opinbera, samgönguframkvæmdir og opinberar byggingar hafa stóraukizt frá tímabili vinstri stjórnarinnar. Framkvæmdir þessar námu samanlagt þá 403 millj. kr. að meðaltali á ári en hafa verið á tímabili viðreisnarstjórnarinnar 531 millj. kr. að meðaltali á ári. Aukningin er 128 millj. kr. eða 32%. Athyglisvert er, að síðasta ár vinstri stjórnarinnar fóru flestar greinar þessara framkvæmda lækkandi frá árinu áður, þrátt fyrir betra árferði. Talar það sínu máli um áhuga þeirrar fylkingar á verklegum framkvæmdum, þegar á reynir.

Samgönguframkvæmdirnar jukust úr 268 millj. kr. að meðaltali á árum vinstri stjórnarinnar í 330 millj. kr. á hvert viðreisnarár. Aukningin er 62 millj. kr. eða 23%. Af einstökum greinum var 15% aukning í vega- og brúargerð, 7% í gatna- og holræsagerð, 13% í hafnargerðum. Flugvallargerð var óbreytt að meðaltali. En framkvæmdir pósts og síma jukust um 57%. Veldur þar mestu hin mikla aukning sjálfvirku kerfanna.

Byggingarframkvæmdir hins opinbera hafa aukizt stórlega frá tímabili vinstri stjórnarinnar eða úr 135 millj. kr. að meðaltali á ári í 201 millj. kr. á viðreisnartímanum. Þessi aukning nemur 66 millj. kr. eða 49%. Aukningin var 67% í skóla- og íþróttamannvirkjum. Í sjúkrahúsbyggingum voru framkvæmdir að heita má óbreyttar. Aukning í félagsheimilum, kirkjum og skyldum byggingum var 84% og í öðrum opinberum byggingum 19%.

Af framangreindum tölum má glöggt sjá, að

- 1) núverandi ríkisstjórn hefur tekið framkvæmdamál hins opinbera föstum tökum,
- 2) framkvæmdir hins opinbera hafa verið meiri í tíð núverandi ríkisstjórnar en á tíma vinstri stjórnarinnar og
- 3) staðhæfingar stjórnarandstöðunnar um hið gagnstæða eru markleysa.

Iðnláanasjóður stórefldur

Eitt af meiriháttar verkefnum þeim, sem núverandi ríkisstjórn hefur tekið sér fyrir hendur, er að efla stofnláanasjóð iðnaðarins. Iðnláanasjóður var stofnaður 1935 með því markmiði að bæta úr bryñustu lánsfjárbörf iðnaðarins. Lengst af hefur Iðnláanasjóður haft tiltölulega lítið fé til umráða. En í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur orðið mikil breyting í þessu efni. Fyrir forgöngu iðnaðarmálaráðherra, **Bjarna Benediktssonar**, hefur sjóðurinn fengið tvívegis lóng og hagstæð lán (svokallað P.L. 480 lán), fyrst 21 millj. kr. á árinu 1961 og síðan 14 millj. kr. á árinu 1962.

En auk þessara aðgerða skipaði iðnaðarmálaráðherra í mars s.l. nefnd til þess að endurskoða lögum um Iðnláanasjóð. Nefnd þessi skilaði frumvarpi að nýjum lögum fyrir sjóðinn og lagði ríkisstjórnin það fyrir Alþingi, en samþykkti það sem lög 25. mars s.l.

Með lögum þessum var ákveðið, að

- 1) Iðnláanasjóður fengi nýjan tekjustofn, 0,4% gjald, sem innheimtist af iðnaðarframleiðslu í landinu og lagt er á sama stofn og aðstöðugjald.
- 2) starfssvið sjóðsins yrði aukið og honum heimilað að lána til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnfyrirtækja auk vélakaupa, sem sjóðurinn lánaði til,
- 3) veita sjóðnum lántokuheimild og heimila honum að taka allt að 100 millj. kr. lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.
- 4) upphæð lána sjóðsins yrði allt að 60% kostnaðarverðs,
- 5) lánstími yrði 7—15 ár og vextir skyldu ákveðnir af Seðlabanka Íslands, með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

Með þessum aðgerðum hefur verið lagður grundvöllur að því, að bætt verði stórlega úr stofnlánaþörf iðnaðarins, og til þess var rík ástæða. Á árunum 1956—1959 námu útlán sjóðsins að meðaltali á ári 2,2 millj. kr. En strax kom til úrbóta í tíð núverandi stjórnar, því að útlán sjóðsins á árunum 1960 og 1961 námu að meðaltali hvort ár 7,1 millj. kr. Þenn var betur gert árið 1962 og námu þá útlán sjóðsins 13,9 millj. kr. En eftir skipulagningu sjóðsins og setningu hinna nýju laga er áætlað, að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar til lánveitinga á árinu 1963 47,1 millj. kr. og árið 1964 46,2 millj. kr. Má af þessu marka, hve gagngerð umskipti hafa orðið í þessum málum.

Með hinum nýju lögum um Iðnláanasjóð eru mörkuð þáttaskil í lánsfjármálum iðnaðarins með því, að iðnaðarmenn og iðnrekendur taka á sig að greiða ákveðið gjald til sjóðsins á sama hátt

og útvegsmenn hafa lengi gert til Fiskveiðasjóðs Íslands og bændur gera nú til Stofnláanasjóðs landbúnaðarins. Þessi ráðstöfun var gerð í samráði við Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnreknda.

Iðnaðarmálaráðherra, **Bjarni Benediktsson**, sagði um málið á Alþingi 12. febrúar s.l.:

„Par sem það fé, sem Iðnláanasjóðurinn hefur haft yfir að ráða, hefur hvergi nærri hrokkið til jafnvel hinna brýnustu barfa vegna hins mikla vaxtar iðnaðarins á þessu tímabili, hafa menn lengi velt því fyrir sér, á hvern hátt væri hægt að bæta úr stofnláanþörf iðnaðarins og einkanlega komið inn á Iðnláanasjóð. En fram að þessu hefur ekki náðst samkomulag við þá aðila, sem hér eiga mest í húfi. Á árinu 1960 voru þeir, sem fengnir höfðu verið til að gera álitsgerð um láanþörf iðnaðarins, beðnir að athuga um endurskoðun á lögum um Iðnláanasjóð og hvernig hægt væri að afla meira fjár til hans. Frá þeim komu litlar raunhæfar tillögur í þessum efnum annað en ábending um hærra framlag úr ríkissjóði, þar sem menn treystu sér þá ekki til þess að leggja á iðnaðinn sjálfan þá skyldu, að inna af hendi fé, sem rynnri í þennan Iðnláanasjóð, stofnláanasjóð handa iðnaðinum. En sem kunnugt er hefur sjávarútvegurinn lengi verið gjaldlagður sjálfur til að byggja upp sína lánastofnun, sem hann síðar hefur haft not af, og nú á síðasta ári var svipaður háttur tekinn upp varðandi landbúnaðinn. Eftir það virtist enn auðsverra en áður, að yfirleitt bæri að hafa sama hátt á um iðnaðinn og var þó sá vandi þar sérstaklega fyrir hendi, að erfitt reyndist að finna við hvaða gjaldstofn skyldi miða. Það var ekki fyrr en á sl. ári, er reglurnar um aðstöðugjald voru settar á ýmis konar atvinnurekstur, sem menn fundu þann stofn, sem eðlilegt væri að byggja á.“

(Morgunblaðið, 13. febrúar 1963).

„Tölurnar tala“

Tíminn, blað Framsóknarflokksins, hefur áunnið sér óorð fyrir óvandaðan og óábyrgan málflutning. Er það ekki að ósekju. Menn nefna það „Tímasannleika“.

Litið dæmi.

Í forystugrein Tímans 21. febrúar sl. stendur:

„Stjórnin hælir sér mjög af aukningu byggingarlána. Tölurnar tala sínu máli um það. Byggingarkostnaður hefur hækkað vegna „viðreisnarinnar“ um 54,7%, en íbúðarlán húsnaðismálastjórnar aðeins 36,6%.“

Pannig hljóðar sannleiksorð Tímans.

Hið sanna:

Vísitala byggingarkostnaðar var 132 stig, þegar viðreisnarlöggjöf-in var sett í febrúar 1960, en var í febrúar 1963 180 stig.

Íbúðarlán húsnaðismálastjórnar voru fyrir viðreisn almennt í framkvæmd 70 þús. krónur á íbúð (heimild í lögum 100 þús. krónur).

Á viðreisnartímanum hafa lánin í framkvæmd verið 100 þús. krónur á íbúð, sem hafin var bygging á fyrir 1. ágúst 1961, og 150 þús. kr. á íbúð, sem byrjað hefur verið á eftir þann tíma.

Því telst rétt vera, að

- 1) byggingarkostnaður hafi hækkað á viðreisnartímanum um 36,6%, en
- 2) íbúðalán húsnaðismálastjórnar hafi ýmist hækkað um 40,2% eða
- 3) 114,2%.

Já, tölurnar tala.

Viðreisn í peningamálum

Viðreisnin hófst með viðtækum aðgerðum í peningamálum þjóðarinnar, vaxtabreytingum, ráðstöfunum til þess að hafa skynsamlega heildarstjórn á útlánum, og gengisbreytingu til afnáms hins óheillavænlega uppbótakerfis. Í kjölfarið siglu síðan margháttar aðgerðir til eflingar lánastofnunum, einkum fjárfestingarlána-stofnunum, og til þess að tryggja það, að Seðlabankinn geti rækt hlutverk sitt við stjórn peningamálanna.

Með aðgerðum þessum í peningamálunum var stefnt að því að treysta allan grundvöll atvinnulífs og fjármála í landinu og skapa fjárhagslega heilbrigð viðhorf í öllum atvinnurekstri, almenningi til hagsbóta og afkomuöryggis. Bankakerfið er sameign þjóðarinnar og ráðstafanir því til eflingar eru ekki gerðar vegna bankanna sem fyrirtækja. Efling bankakerfisins og traust fjárhagsleg uppyggging þess er stefna til almannheilla, við það miðuð að koma fjáreiðum þjóðarinnar í gott horf.

Viðreisnin verður metin jöfnum höndum eftir beinum áhrifum hennar á þróun og byggingu peningakerfisins og hinum óbeinu áhrifum á frambindu sjálfss athafnaliðsins, framleiðslu, fjárfestingu o. s. frv. Um bæði þessi meginatriði hefur verið fjallað hér áður í Fréttabréfinu. Hér verður peningamálunum gerð nokkru nánari skil. Í eftirfarandi töflu eru rakin helztu atriði peningamálanna árin 1956—1962 samkvæmt reikningum bankanna.

Helztu atriði peningamála 1956—1962.

Millj. kr.

<i>Arslok</i>	<i>1956</i>	<i>1957</i>	<i>1958</i>	<i>1959</i>	<i>1960</i>	<i>1961</i>	<i>1962</i>
Spariinnlán í bönkum og sparisjóðum	1234	1397	1578	1829	2203	2760	3522
Aðstaða peningastofnana gagnvart Seðlabanka netto)	÷ 137	÷ 126	÷ 113	÷ 121	÷ 105	246	726
Aðstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabanka ..	÷ 71	÷ 77	÷ 41	23	55	155	234
Endurkeptyr víxlar í Seðlabanka	416	458	645	858	737	795	682
Heildarútlán banka og sparisjóða	2463	2745	3279	3899	4197	4548	5126
Spariinnlán í hlutfalli við heildarútlán, %	50	51	48	47	52	61	69

Spariféð í bönkum og sparisjóðum er megin grundvöllur allrar útlánastarfsemi í landinu. Sparifjármundunin er að sjálfsögðu komin undir upphæð þjóðarteknanna á hverjum tíma og raunverulegum vexti þeirra. En að mjög verulegu leyti er sparifjármundunin komin undir trausti manna á gjaldmiðlinum, þ. e. á stöðugleik verðlagsins og undir vaxtakjörum. Af þessu leiddi, að spariinnlán jukust árið 1957 aðeins um 163 millj. kr. og 1958 um 181 millj. kr. Árið 1959 varð aukningin nokkru meiri, eða 251 millj. kr., enda höfðu þá verið framkvæmdar verðstöðvunaraðgerðir á ábyrgð núverandi stjórnarflokka, og vonir manna um efnahagsviðreisn höfðu tekið að glæðast. En með viðreisninni verður stórstíg aukning sparifjármundunar og verður aukning spariinnlána meiri hvert ár af öðru, eða 374 millj. kr. árið 1960, 557 millj. kr. árið 1961 og 762 millj. kr. árið 1962. Síðasta árið er aukningin tæp 28%, sem er langt umfram það, er aukning þjóðartekna gefur tilefni til. Samsvavar sparifjáraukningin þá nær 60% af allri fjárfestingu sama árs í atvinnuvegnum.

Aðstaða peningastofnana gagnvart Seðlabankanum hefur stórbatnað á viðreisnartímanum og sama máli gegnir um aðstöðu ríkissjóðs. Báðir þessir aðilar voru í neikvæðri aðstöðu öll árslok 1956—1958, er nam talsverðum upphæðum, en höfðu samanlagt 960 millj. kr. innregn í árslok 1962. Hin bætta aðstaða peningastofnana er árangur sparifjáraukningarinnar og annara ráðstafana til þess að lata þessar stofnanir bera ríkari ábyrgð á rekstri sínum og ráðstöfunum og leggja sinn skerf til söfnunar gjaldeyrisvarasjóða.

Aðstaða ríkissjóðs er hliðstæður árangur á vettvangi fjármálastjórnar ríkisins.

Endurkeptyr víxlar í Seðlabankanum út á framleiðsluafurðir höfðu farið haekkandi ár frá ári til ársins 1959. Þenn haekkuðu þeir lítilsháttar fram eftir ári 1960, en hafa síðan farið lækkandi miðað við sama tíma ár hvert, þrátt fyrir stóraukið verðmæti útflutningsframleiðslunnar. Stafar þetta einkum af því, að birgðir útflutningsafurða hafa minnkað, þar sem sölu hafa gengið greiðar. Einnig hefur gjaldeyrisskilum verið flýtt með töku afurðalána erlendis. Þá hafa viðskiptabankarnir og haft bolmagn til að standa sjálfir undir meiru af afurðalánunum. Allt þetta ber vitni um traustari efnahag og bætta starfshætti fyrirtækja og peningastofnana.

Heildarútlán banka og sparisjóða hafa aukizt talsvert hægar en spariféð frá upphafi viðreisnarinnar. Stjórnarandstæðingar haft haldið mjög á lofti, að með samdrætti útlána hyggðist ríkisstjórnin kreppa að athafnalífi landsmannna. En árum saman hafði viðkvæðið verið, að útlánastarfsemin væri hömlulaus og stuðlaði þannig að ofþenslu og verðbólgu. Stefna viðreisnarstjórnarinnar er að halda uppi fullri atvinnu og vaxandi framleiðslu, en hleypa útlánum ekki svo langt að valdi verðbólgu. Aukning bankaútlána hefur því verið nokkru hægari en áður, einkum árin 1960 og 1961. En jafnframt ber að gæta þess, að verulegum lánsfjárhæðum hefur verið breytt í löng lán og hverfa þau þar með úr útlánum banka og sparisjóða, en eru engu síður útlán til atvinnuveganna, en eru hagkvæmari en áður.

Hversu traust hin fjárhagslega uppbygging bankakerfisins er, má mjög marka af hversu hátt hlutfall spariinnlána í bönkum og sparisjóðum er, miðað við heildarútlán þeirra. Hlutfall þetta var um 50 af hundraði í árslok 1956 og 1957 og ennþá lægra næstu tvö ár á eftir. En frá og með 1960 hefur þetta hlutfall hækkað stórum og var 69% í árslok 1962. Munar geysimiku, hve traustari fjárhagsuppbygging bankakerfisins er þá orðin heldur en var fyrir aðeins þremur árum.

Svo sem hér hefur verið rakið, ber allt að sama brunni í peningamálunum. Í stað losaralegrar stjórnar og glundroða með síendurteknu vandræðaástandi hefur tekist farsælleg heildarstjórn peningamálanna. Öll bygging peningakerfisins hefur verið gerð traustari, jafnframt því sem það hefur verið gert færara um að gegna hlutverki sínu í stjórn hagmálanna til að verjast á föllum og rata rétta leið til varanlegra framfara. Þetta er hin ákjósanlegasta baktrygging atvinnu og lífskjara almenningi til handa.

Eiga Framsóknarmenn og kommúnistar að fá tækifæri til að svípta fólkisjóð þessari tryggingu?

Stórfeld tollalækkun og endurbót á tollskrá

Eitt hinna þýðingarmestu mála, sem núverandi ríkisstjórn hefur hrundið í framkvæmd, er endurskoðun tollalaga og stórfeld tollalækkun. Í desember 1959 fól Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, sérstakri nefnd að endurskoða gildandi lög um tollskrá svo og önnur gildandi lög um aðflutningsgjöld. Var hér um að ræða geysimikið verk og vandasamt. Þágildandi tollskrá var frá árinu 1939. En síðan höfðu tollamálum lent í meiri flækju en dæmi þekkast til í nokkru landi. Það var svo um skeið, að ár eftir ár var nýjum tollum bætt við eða þeim gömlu breytt. Hér var um að ræða skilgetið afkvæmi haftakerfisins og verðblóguástandsins. Þurfti stöðugt að grípa til ráðstafana til að halda sjávarútveginum gangandi og í þeim tilgangi var oft gripið til ráðstafana í miklu fljótræði. Réðu þá allajafnan þau sjónarmið, að

- 1) nýir tollar voru álagðir, til þess að standa undir þeim uppþotum, sem sjávarútvegurinn þurfti, svo að rekstur hans stöðvaðist ekki og
- 2) visitölunni yrði haldið niðri með því að hækka aðflutningsgjöld á þeim vörum, sem ekki komu inn í visitoluna eða höfðu áhrif á hana.

Afleiðing þessa varð hinn mesti óskapnaður á allri skipan tollamála. Til að ráða bót á þessu ákvæð fjármálaráðherra, að við endurskoðunina skyldi fylgt þessum höfuðreglum:

- 1) Núgildandi aðflutningsgjöld, áamt viðaukum, væri yfirleitt sameinað í eitt heildargjald (verðtoll) á hverja tollskylda vörutegund.
- 2) Samræmdur yrði eftir föngum tollur af skyldum vörum.
- 3) Verðtollur yrði ekki hærri en 125% á neinni vörum.
- 4) Heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum rýrnuðu ekki um of.
- 5) Um flokkun og niðurröðun vara í nýju tollskránni yrði fylgt hinni alþjóðlegu tollskrárfyrirmynd, Brüssel-skránni svo nefndu.

Samkvæmt þessari stefnu var frumvarp að nýrri tollskrá samið og lagt fyrir Alþingi í marz s.l. og samþykkt sem lög frá Alþingi 19. apríl s.l. Setning hinna nýju laga um tollskrá þýðir, að

- 1) grundvallarbreyting hefur verið gerð á skipan og starfstilhögun í tollamálum,
- 2) tollar hafa verið lækkaðir miðað við innflutningsmagnið 1962 um 100 millj. kr. og svarar það til, að tollþrði landsmanna lækki um 8,3%.

Um endurskoðun tollskrárinnar segir Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, í dagblaðinu Vísi 27. marz s.l.:

„Tollar og önnur aðflutningsgjöld voru orðin svo flókin að ekki var lengur við unað. Margar tegundir aðflutningsgjalta voru lagðar á flestar vörur með mismunandi prósentum, reiknaðar á mismunandi grunnverði. Var það orðið á fæstra manna færi að reikna rétt þau torráðnu dæmi. Hefur þessi flækja öll kostað ótrúlega vinnu fyrir rikið og innflytjendur, valdið óparfa skriffinnsku, töfum og kostnaði. Eitt meginatriði við endurskoðun tollskrárinnar var því að gera hana einfalda og óbrotna. Í stað þess aragrúa af gjöldum, sem í gildi hafa verið, kemur nú einn verðtollur, reiknaður af einum og sama grunni. Ópolandi ósamræmi var orðið um tolla af samskonar eða svipuðum vörum. Stundum hafði slikt ósamræmi verið lögfest vitandi vits, en stundum af vangá . . . Nú er reynt að samræma tollana, flokka í sama flokk þær vörur, sem saman eiga að eðli málsins. Oftollun margra vara var orðin slík, að engin dæmi þess voru meðal vestrænna, frjálsra þjóða. Leiddi þetta af sér þrennt: Óhólegt verð á þessum vörum, stórfellt smygl og tekjutap ríkisins. Voru þess dæmi að tollar komust yfir 300%“.

(Vísir, 27. marz, 1963).

Eysteins eigin orð

Það þykir fara út fyrir takmörk heilbrigðrar skynsemi, þegar stjórnarandstaðan, með Eystein Jónsson í fararbroddi, heldur því fram, að þjóðlifið mótið í dag af stöðun og samdrætti í framkvæmdum og atvinnurekstri. En út yfir allan þjófabálk tekur, þegar því er haldið fram, að núverandi ríkisstjórn sé í hefnadarhug gagnvart almenningi í landinu og vinni vísvitandi að skemmdarverkum með því að skapa kreppu og atvinnuleysi.

Um þetta segir Eysteinn:

„Það er víst að mörgum hitnar í hamsi, er nú verður haldið áfram krepustefnuni og ný verðhækunaralda látin skella yfir. Ég tala nú ekki um, ef nýrri gengislækkun yrði skellt á að tilefnislausu. Menn líta á það sem hreint skemmdarverk og blöskrar alveg ábyrgðarlaust skraf fjármálaráðherrans um þau efni.“

(Tíminn, 12. júlí 1961).

Einnig segir Eysteinn:

„Ráðherrann vildi þó ekki muna í svipinn, að einn höfuðþáttur viðreisnarinnar var einmitt sá, að minnka framkvæmdir og draga úr eftirvinnunni og koma síðan á hæfilegu atvinnuleysi.“

(Tíminn, 8. ágúst 1961).

Enn segir Eysteinn:

„Gengislækkunin er gerð sem pólitisk hefndarráðstöfun í garð almennings fyrir að hafa kjarasamningana nokkuð öðruvísi en ríkisstjórnin vildi. Gerð í reiði til að hræða fólk frá því að halda fram rétti sinum.“

(Tíminn, 15. ágúst, 1961).

Loks segir Eysteinn:

„Allt þetta sýnir, hversu hættulegur sá þingmeirihluti er, sem nú hefur sölsað til sín meirihlutavaldið og hvílík lífsnauðsyn það er að knekkja honum við allra fyrsta tækifæri. Það er meðal annars alveg ljóst að varanlegar kjarabætur eru óhugsandi hér, fyrr en þessum meirihluta hefur verið hnekkt.“

(Tíminn, 16. ágúst, 1961).

Þessu svarar bezt sami Eysteinn:

„Ég held, að þeir menn, sem láta sér til hugar koma, að nokkur ríkisstjórn skapi að yfirlögðu ráði kreppu, til þess að geta rýrt afkomu almennings á meðan hún situr að völdum, séu í því ástandi andlega, að heir þurfi annarar hjúkrunar við en heirrar, sem hægt er að veita í svona umræðum.“

(Alpt. 1947, B. bls. 124).

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokkssins.

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

FRÉTTABRÉF

MÍÐSTJÓRNAR
SJÁLFSTÆÐIS-
FLOKKSINS

Nr. 6

Desember

1963

Breytingar á ríkisstjórninni

Ólafur Thors, þáverandi forsætisráðherra, gaf út tilkynningu 12. nóvember síðastliðinn svohljóðandi:

„Læknar mínir hafa tjáð mér, að mér sé nauðsynlegt að taka mér algjöra hvíld frá störfum í nokkra mánuði. Ég get því ekki unnið að lausn hinna ýmsu vandamála, sem framundan biða. Haustið 1961 stóð svipað á fyrir mér. Tók ég mér þá hvíld frá störfum í þrjá mánuði. Ég tel ekki rétt að hafa sama hátt á nú og hef því ákveðið að biðjast lausnar frá embætti mínu“.

Ákvörðun Ólafs Thors var tilkynnt á fundi, sem haldinn var í þingflokk Sjálfstæðismanna sama dag. Var þar samþykkt einróma að óska þess, að **Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokkssins, tæki við embætti forsætisráðherra.

Sama dag var haldinn fundur í þingflokk Alþýðuflokkssins og var þar ályktað, að þar sem ákvörðun forsætisráðherra væri ekki tekin af stjórnsmálaástæðum heldur vegna heilsu hans, breyti þessir viðburðir engu um afstöðu Alþýðuflokkssins til ríkisstjórnarinnar.

Á fundi í þingflokk Sjálfstæðisflokkssins 13. nóvember, var samþykkt einróma, að **Jóhann Hafstein**, bankastjóri, skyldi taka sæti dómsmálaráðherra í ríkisstjórninni í stað Bjarna Benediktssonar.

Á fundi ríkisráðs 14. nóv. félst forseti Íslands á lausnarbeiðni Ólafs Thors. Jafnframt skipaði forseti Bjarna Benediktsson forsætisráðherra og Jóhann Hafstein, alþingismann, ráðherra í ráðuneyti Íslands með þau málefni, sem Bjarni Benediktsson hafði með höndum.

Sama dag var haldinn fundur í sameinuðu Alþingi og tilkynnti þar Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, þær breytingar, sem gerðar höfðu verið á ráðuneyti Íslands. Sagði forsætisráðherra að lokum:

„Sú breyting, sem á ríkisstjórninni er orðin, hefur verið gerð vegna veikinda Ólafs Thors, en ekki af stjórnsmálaástæðum. Ný ríkisstjórn hefur ekki verið mynduð, heldur kemur einungis maður í manns stað, svo sem óhjákvæmilegt er. Að öðru leyti er

stjórnin hin sama. Hún er studd af sömu flokkum og fylgir sömu stefnu og áður. Vist er það mikil breyting, að Ólafur Thors hefur látið af ráðherrastörfum. Hann er nú aldursforseti Alþingis, hefur setið lengst á þingi af núverandi þingmönnum og hefur frá upphafi verið í hópi þeirra, sem mest hefur að kveðið. Í dag eru rétt 31 ár frá því að Ólafur Thors varð fyrst ráðherra. Tæpum 10 árum síðar myndaði hann sína fyrstu ríkisstjórn, hina fyrstu af fimm, sem hann hefur veitt forustu. Sem betur fer er ekki efni til að halda nú minningarræðu um Ólaf Thors. Þingheimur sameinast um þá ósk, að hvíldin, sem hann tekur sér, verði til þess, að hann nái góðri heilsu á ný og eigi langt og farsælt líf fyrir höndum. Allir vonum við að sjá hann skjóttlega heilan og hressan hér í þingsölunum. Megi þjóðin sem allra lengst njóta hans mikla mannvits, lífsreynslu, víðsýni og frábærrar samningalipurðar. Enginn hefur verið honum lagnari að laða saman ólikar skoðanir. Á þessum hæfileikum hefur oft burft að halda á Alþingi og í íslenzku þjóðlifi. Peirra þarf við nú ekki síður en áður. Þess vegna ríkir einlægur söknudur í huga okkar fylgismanna hans og samstarfsmanna. Um leið og ég þakka Ólafi Thors forustuna, sem hann veitti ríkisstjórninni síðustu fjögur árin, óska ég okkur öllum úrræðagæða hans, umburðarlyndis og sáttfýsi.“

Að lokinni ræðu forsætisráðherra tóku til málss formenn þingflokk Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins, þeir Eystein Jónsson og Lúðvík Jósefsson og lýstu því yfir, að afstaða flokka þeirra til ríkisstjórnarnar væri óbreytt.

Úrslit alþingiskosninganna 9. júní 1963

Í alþingiskosningunum 9. júní síðastliðinn skiptust atkvæði milli stjórnmálflokka eftir kjördænum sem hér segir:

Kjördæmi	Alþ.fl.	Fr.fl.	Sj.fl.	Alþ.b.	Óh. kjós.	Samt.
Reykjavík	5730	6178	19122	6678		37708
Vesturland	912	2363	2019	739		6033
Vestfirðir	692	1743	1713	744		4892
Norðurland vestra	537	2135	1765	663		5100
Norðurland eystra	1012	4530	2856	1621		10019
Austurland	250	2804	1104	905	143	5206
Suðurland	760	2999	3402	955		8116
Reykjanes	2804	2465	5040	1969		12278
Samtals	12697	25217	37021	14279	143	89352

Atkvæði skiptust hlutfallslega þannig milli stjórnmálflokka eftir kjördænum:

Kjördæmi	Alþ.fl.	Fr.fl.	Sj.fl.	Alþ.b.	Óh. kjós.
	%	%	%	%	%
Reykjavík	15.2	16.4	50.7	17.7	
Vesturland	15.1	39.2	33.5	12.2	
Vestfirðir	14.1	35.7	35.0	15.2	
Norðurland vestra	10.5	41.9	34.6	13.0	
Norðurland eystra	10.1	45.2	28.5	16.2	
Austurland	4.8	53.9	21.2	17.4	2.7
Suðurland	9.4	36.9	41.9	11.8	
Reykjanes	22.8	20.1	41.1	16.0	
	14.2	28.2	41.4	16.0	0.7

Kjörnir þingmenn skiptast þannig milli stjórnmálflokka:

Kjördæmi	Alþ.fl.	Fr.fl.	Sj.fl.	Alþ.b.	Samtals
Reykjavík	2	2	6	2	12
Vesturland	1	2	2		5
Vestfirðir		2	2	1	5
Norðurland vestra		3	2		5
Norðurland eystra		3	2	1	6
Austurland		3	1	1	5
Suðurland		3	3		6
Reykjanes	1	1	2	1	5
	4	19	20	6	49
Landskjörnir	4		4	3	11
Alls	8	19	24	9	60

Traustsyfirlýsing kjósenda

Í alþingiskosningunum 9. júní síðastliðinn lagði ríkisstjórnin fyrir kjósendur stefnu þá, sem fylgt hafði verið síðasta kjörtímabil og hét því að halda áfram sömu stefnu, ef þjóðin veitti henni traust. Þjóðin kvað upp ótvíraðan dóm með því, að stjórnarflokarnir fengu,

- 1) meirihluta á Alþingi
- 2) meirihluta kjósenda og meira að segja
- 3) aukinn meirihluta kjósenda.

Stjórnarflokarnir juku fylgi sitt hjá þjóðinni úr 54.9% í haustkosningunum 1959 upp í 55.6%. Hins vegar fengu stjórnarflok-

arnir einum þingmanni færra nú en 1959. Stafar það af því, að ekki naest jöfnudur milli flokka með uppbótarþingsætum, því að enn er kjörfylgi Framsóknarflokksins ekki í samræmi við þingmannatölu hans, þrátt fyrir kjördæmabreytinguna.

Sjálfstæðisflokkurinn jók fylgi sitt úr 33800 atkvæðum í haustkosningunum 1959 upp í 37021 atkvæði nú og úr 39.7% gildra atkvæða upp í 41.4%. Hann hlaut nú 24 þingsæti eins og í haustkosningunum 1959.

Alþýðuflokkurinn minnkaði fylgi sitt úr 12909 atkvæðum í haustkosningunum 1959 niður í 12697 atkvæði nú og hlutfallstölu sína úr 15.2% í 14.2% og hlaut 8 þingsæti í stað 9 áður. Við þennan samanburð er þess að gæta, að kosningarnar haustið 1959 voru Alþýðuflokknar óvenju hagstæðar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir um kosningaúrslitin:

„Stjórnin hefur hlotið ótvíræða traustsyfirlýsingu kjósenda. Vegna óhagstæðra hlutfalla í einstökum kjördæmum hefur að visu eitt þingsæti tapazt, en starfshæfur meirihluti helzt á Alþingi. Er það í fyrsta skipti, að stjórn, sem starfað hefur áður heilt kjörtímabil, hlýtur fylgisaunkningu og verulegan meirihluta allra kjósenda. Ég tel sjálfsagt, að stjórnarflokkarnir haldi áfram samstarfi, svo sem þeir lýstu báðir yfir kosningar. Eins og dómur þjóðarinnar sýnir, þá telur hún, að stjórnin hafi unnið heillarik störf. En margur vandi er enn óleystur, og munum við enn sem fyrr leggja okkur fram að verða þess trausts verðir, sem okkur hefur verið sýnt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú unnið einn sinn mesta kosningasigur og vil ég í nafni flokksins þakka öllum þeim, sem hlut eiga að því, að sigur hefur unnist.“

(Morgunblaðið 11. júní 1963).

Flokksráð Sjálfstæðisflokksins samþykkti á fundi sínum 21. júní síðastliðinn eftirfarandi tillögu:

„Par sem lýst var yfir því af hálfu beggja stjórnarflokkanna fyrir kosningar, að þeir mundu halda áfram samstarfi um ríkisstjórn, ef þeir hlytu nægilegt fylgi til þess, þá telur flokksráðið það rökréttu afleiðingu kosningaúrslitanna, að samstarfið haldi áfram á sama grundvelli í meginatriðum og lagður var á síðasta kjörtímabili.“

Að vel yfirlögðu ráði

Þegar úrslit alþingiskosninganna 9. júní s.l. voru kunn, var það ljóst, að þjóðin hafði veitt stjórnarflokkunum ótvírætt og mikið traust. Stjórnarflokkarnir höfðu lagt fyrir þjóðina ákveðna stefnu-skrá og þjóðin hafði falið þeim að framkvæma hana. Slikri ákvörðun ber að fylgja og slík ákvörðun gildir, þar til málin eru á ný borin undir þjóðina í almennum kosningum. Sá er háttur lýðræðisins og þingræðisskipulagsins.

Allir lýðræðissinnar skilja þetta, enda fær okkar lýðræðis- og þingræðisskipulag ekki staðizt nema á þessu ríki almennur skilningur. Kommúnistar og aðrir einraðissegger virða hins vegar ekki þessar leikreglur lýðræðisins. Þegar þeim líkar ekki úrskurður þjóðarinnar, vilja þeir ekki hlíta honum. Þeir vilja fara sínu eigin fram og bætir þar engu um, hvort þeir gera það í nafni verkalýðssamtakanna eða Alþingis götunnar. Þetta kom glögglega fram, þegar formenn stjórnmalaflokkanna sögðu álit sitt á úrslitum kosninganna í Ríkisútvarpinu 11. júní síðastliðinn. Þá sagði formaður Alþýðubandalagsins, **Hannibal Valdimarsson**, meðal annars:

„Viðreisnarflokkarnir hafa nú tilkynnt þjóðinni, að viðreisninni verði áfram haldið. Peirri stefnu er Alþýðubandalagið og verkalýðssamtókin andvíg í grundvallaratriðum. Peirri stefnu viljum við hnekkja. Þess vegna boðar Alþýðubandalagið nú strið en ekki frið og það veit, að viðreisninni verður hnekkt.“

Menn urðu forviða við að heyra slika yfirlýsingu. Ekki vegna þess, að þeim kæmi á óvart hin raunverulega afstaða og virðing kommunista fyrir lýðræði okkar og þingræði, heldur hitt, að hér var af óvenjulegri hreinskilni mælt. En margur spurði, hvort ekki hefði Hannibal hér mælt af fljótræði, svo sem hann á vanda til. En hér hefur allur vafi verið af tekinn. Hannibal hefur sjálfur tjáð sig um þetta efni í blaðagrein, í Frjálsri þjóð 29. júní s.l. Þar segir meðal annars:

„Ég sagði því hreinskilnislega: Alþýðubandalagið boðar strið en ekki frið. Og það var í engu fljótræði sagt, heldur sem sjálfsgöður hlutur og að vel yfirlögðu ráði.“

Ekki hefur Hannibal látið sitja við orðin tóm. Hann hefur undanfarna mánuði haft forstu um óvenjulega kaupdeilu- og verkfallsbaráttu. Það hefur verið hans strið til þess að „viðreisninni verði hnekkt“.

Kjaradómur

Launahækkanir opinberra starfsmanna hafa mjög verið á dag-skrá síðan kjaradómur kvað upp úrskurð sinn á síðastliðnu sumri. Kjaradómur á sér forsögu og eftirmála, lærðómsríkan og athyglis-verðan.

Þegar lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþykkt á Alþingi 1962, voru þeim fylgjandi allir þingflokkar, stjórnarandstaðan jafnt sem stjórnarliðið. Með lögunum var opinberum starfsmönnum veittur samningsréttur og sérstakur kjaradómur settur á fót, er skyldi útkljá málín, ef samningaumleitanir bæru ekki árangur.

Öllum kom saman um þörf kauphækkana til opinberra starfsmanna. Almennt var viðurkennt, að þeir hefðu orðið aftur úr á undanförnum árum og þyrftu því almennt að fá kjarabætur. Brýn nauðsyn var á að rétta hlut þeirra, sem miklum tíma og fé höfðu varið til náms og sérstakar kröfur voru til gerðar um menntun, sérhæfni og ábyrgð. Leiðréttið var hér þörf og á það var lögð áherzlægi síður af stjórnarandstöðunni en ríkisstjórninni.

Með því að viðurkenna samningsrétt opinberra starfsmanna hafði ríkisstjórnin sýnt hagsmunamálum opinberra starfsmanna meiri skilning en ríkisstjórnir höfðu áður gert. Því var treyst, að opinberir starfsmenn færðu með hinn nýfengna samningsrétt af stillingu og hófsemi. Létu ekki öfgamenn og æsingaseggi villa sér sýn. Valt nú mikið á, að hinn nýfengni samningsréttur væri hagnýttur og samningar tækjust milli opinberra starfsmanna og ríkisstjórnarinnar. Ella var málid úr höndum þessara aðila og komið í hendur kjaradóms, sem er óháður dómstóll og skipaður að meirihluta af Hæstarétti.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem lýtur svokallaðri vinstri forstu Framsóknar og kommúnista, lagði fram launakröfur sínar í októbermánuði 1962. Þær kröfur fólu í sér meðal annars:

- 1) Meðalhækjun launa var 120% eða rúmlega tvöföldun launa. Launagreiðslur ríkisins voru um 500 milljónir króna á ári og áttu þær því að hækka um 600 milljónir króna. Til þess að standa undir þessum nýju útgjöldum hefði þurft að hækka allar álögur á landsfólkini um ca. 30%.
- 2) Í lægsta launaflokki skyldu laun vera kr. 5.050,00 á mánuði en í hæsta launaflokki kr. 32.800,00 á mánuði eða 6½ sinnum hærri.

Pessar kröfur vöktu mikla athygli og undrun. Stjórnarandstaðan taldi hins vegar slíkar kröfur sjálfsagðar og eðlilegar, enda voru þær fram komnar að undirlagi Framsóknar og kommúnista með

tilstilli stuðningsmanna þeirra í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Tillögur, sem fram voru lagðar af hálfu ríkisstjórnarinnar, fólu í sér meðal annars:

- 1) Meðal hækjun launa var 16% og auknar launagreiðslur voru talðar nema um 80 milljónum króna á ári.
- 2) Laun í lægsta launaflokki skyldu vera kr. 3.500,00 á mánuði en í hæsta launaflokki kr. 14.700,00 á mánuði eða um 4 sinnum hærri en lægsti launaflokkur.

EKKI VAR ÞAÐ LÍTIÐ, SEM BAR Á MILLI KRÖFUGERÐAR Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og tilboðs ríkisstjórnarinnar. Varð nú ríkisstjórnin fyrir miklu ámaeli. Tilboð hennar þótti langt fyrir neðan það að geta orðið nokkur viðræðugrundvöllur. Stjórnarandstaðan sparaði ekki stór orð í þessu sambandi. Ríkisstjórnin var sökuð um ranglæti, skollaleik, hættulegt framferði og ósæmandi hegðun. Dæmi skulu nefnd.

Formaður B.S.R.B., framsóknarmaðurinn Kristján Thorlacius, sagði í viðtali við Tímann 8. febrúar s.l.:

„En tilboð eins og það, sem liggur fyrir núna, er hið mesta smánarboð. Við erum ekki aðeins óánægðir með það, við teljum það hreinustu fjarstæðu“.

Þjóðviljinn segir í forustugrein 9. febrúar s.l. meðal annars:

„Ríkisstjórnin hefur loksins lagt fram tillögur sínar um nýja kjarasamninga fyrir opinbera starfsmenn. Peirra hefur verið beðið með mikilli óþreyju, en því miður hefur árangurinn reynst standa í öfugu hlutfalli við eftirvæntinguna. . . . Enginn þarf að efast um að opinberir starfsmenn standi í heild bak við þunga dóma forustumanna sinna, og það er mikið alvöru mál“.

Í forustugrein Þjóðviljans 13. febrúar s.l. segir:

„Ríkisstjórnin veit jafn vel og aðrir, að þetta tilboð fær engan veginn staðið og að kjarabæturnar til opinberra starfsmanna hljóta að verða miklum mun meiri“.

Í forustugrein Tímans 16. febrúar s.l. segir:

„Skollaleikur sá, sem ríkisstjórnin hefur nú í frammi við opinbera starfsmenn, er bæði hættulegur og ósæmandi landsstjórn, sem vill halda virðingu sinni. Málid er nú komið á það

stig, að yfir vofir að leiða muni til hættulegrar hörku og úlf-úðar i sambúð ríkisins og starfsmanna þess. . . . Allt þetta veldur furðu manna um það, hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram í þessu máli og eigi ekki illa að fara, verður hún að bæta ráð sitt og breyta tillögnum i raunhæfari átt. Það er óþoland, að ríkisstjórn leiki sér að því að spilla þeim grundvelli, sem komið er vel á veg að leggja til sæmilegar sambúðar ríkisins og starfsmanna þess, með því að varpa framan í þá augljósu og viðurkenndu ranglæti einu við samningaborðið“.

Þegar ekki gekk saman milli ríkisstjórnarinnar og B.S.R.B. gekk málid til kjaradóms og í úrskurði hans fólst meðal annars:

- 1) Laun hækkuðu að meðaltali um 45% og svarar það til 200 milljóna króna útgjaldaaukningar hjá ríkissjóði.
- 2) Laun í fyrsta launaflokki voru ákveðin kr. 4.800,00 á mánuði en í hæsta launaflokki kr. 19.910,00 á mánuði eða um 4 sinnum hærri en í lægsta launaflokki.

Eftir úrskurð kjaradóms hefur stjórnarandstaðan lagt megin áherzlu á að hvetja hverja stétt og hvern starfshóp til að gera nýjar og auknar kröfur, vegna þeirra kjarabóta, sem opinberir starfsmenn fengu. Jafnframt hefur því verið haldið fram, að opinberir starfsmenn fái miklu hærri laun en þeir eigi að fá og því beri að lækka þau. Stjórnarandstaðan hefur ekki breytzt á þessum málflutningi við öll möguleg tækifæri. Þannig sagði **Hannibal Valdimarsson** t. d. í ræðu á Alþingi 4. nóvember s.l. við aðra umræðu í neðri deild um frumvarp um launamál og fleira:

„Ein af ástæðunum til þess, að verkamenn bera nú fram hærri kröfur um kjarabætur en þeir hafa áður gert, er það, að þeir vilja ekki una því, að í þjóðfélagi okkar skapist sá regin ójöfnudur í launum hinna hæstlaunuðu og lægstlaunuðu, sem mótaður er með kjaradómmum.“

Það er verið og það var áreiðanlega tilgangurinn með niðurstöðu kjaradóms og að minni hyggju með vilja og vitund ríkisstjórnarinnar, að hér yrði gerð tilraun til að mynda nýja stéttaskiptingu í þjóðfélaginu meðal launastéttanna eins og á öðrum svíðum þjóðfélagsins“.

Niðurstaða:

Stjórnarandstaðan

- 1) krefst samræmingar launa opinberra starfsmanna við laun á almennum vinnumarkaði,
- 2) stendur að málatilbúnaði B.S.R.B. um 120% meðaltalshækkun launa og um 650% launamismun,

- 3) fordæmir tilboð ríkisstjórnarinnar um 16% meðaltalshækkun launa og um 400% launamismun sem of lágt,
- 4) hallmælir úrskurði kjaradóms um 45% meðaltalshækkun launa og um 400% launamismun sem of hátt,
- 5) álasar ríkisstjórninni fyrir úrskurð óháðs dómstóls,
- 6) krefst samræmingar launa á almennum vinnumarkaði við laun opinberra starfsmanna.

Nýmæli í fjármálastjórn ríkisins

Árið 1932 voru sett lög um Jöfnunarsjóð ríkisins. Tilgangur þessara laga var sá að leggja til hliðar í sérstakan sjóð nokkuð af umframtekjum ríkisins, þegar gott væri í ári. Úr þessum sjóði skyldi verja fé til verklegra framkvæmda, „þegar atvinnubrestur er hjá verkalýð landsins og afturkippir í framkvæmdum“.

Í blaðagrein í Vísi 23. janúar s.l. vakti **Gunnar Thoroddsen**, fjármálaráðherra, athygli á því, að löginn frá 1932 um Jöfnunarsjóð hefðu aldrei komið til framkvæmda. Á árinu 1962, þegar 30 ár væru liðin frá lögfestingu þessarar hyggilegu hugmyndar, kvað hann tölverðan tekjuafgang hafa orðið hjá ríkissjóði. „Það væri nú ráð að leggja álitlega fúlgu af þessum tekjuafgangi í Jöfnunarsjóðinn og safna þannig í kornhlöður til mögru áranna“.

Samkvæmt ríkisreikningnum árið 1962 var greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 162 millj. króna. Um ríkisreikninginn fyrir 1962 sagði fjármálaráðherra í fréttauaka í Ríkisútvarpinu 23. júlí s.l.:

„Eins og nú er ástatt í efnahagsmálum, framkvæmdir miklar, atvinnulíf blómlegt og viða skortur á vinnuafli, er ekki rétt að verja neinu af greiðsluafgangi ríkissjóðs til aukinna framkvæmda nú. Fyrir rúmum þrem tugum ára voru sett lög um Jöfnunarsjóð ríkisins. Samkvæmt þeim lögum skal leggja í þann sjóð tekjuafgang ríkissjóðs, þegar hann fer fram úr tiltekinni upphæð. Fé úr þessum sjóði má aðeins nota til þess að lækka skuldir ríkisins, mæta tekjuhalla ríkissjóðs, ef svo ber undir, en fyrst og fremst skal nota fé sjóðsins til þess að auka atvinnu og framkvæmdir, þegar atvinnubrestur verður og afturkippur í framkvæmdum. Pessi lög hafa aldrei verið framkvæmd. En þau standa enn í góðu gildi. Ríkisstjórnin vill nú láta þessi merku lög koma til framkvæmda og hefur því ákveðið að leggja í Jöfnunarsjóð ríkisins 100 millj. króna af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1962“.

(Visir 24. júlí 1963.)

Orsakir og afleiðingar

A undanförnum mánuðum hefur verðbólguþróunin verið helzta umræðuefnid á vettvangi stjórnálanna. Mikið mál hefur verið flutt og miklu moldviðri hefur verið þyrlað upp af stjórnarandstöðunni. En það hefur engu breytt. Staðreyndirnar standa eftir sem áður.

Hvað hefur stuðlað að hinni sérstöku verðbólguþróun síðustu mánaða?

Svar:

- 1) Samið var um $7\frac{1}{2}\%$ launahékkun til verkamanna í júní mánuði og í kjölfarið kom ýmist $7\frac{1}{2}\%$ eða 13% kauphékkun til annarra launastéttá.
- 2) Kjaradómur ákvað mikla kauphékkun til ríkisstarfsmanna í júlí mánuði og það leiddi til samsvarandi kauphékkana hjá öðrum opinberum starfsmönnum, svo sem bankamönnum og bæjarstarfsmönnum.
- 3) Mikil almenn hækkun varð í septembermánuði á innlendum landbúnaðarafurðum.
- 4) Mikil aukning framkvæmda og innflutnings varð vegna óttans um áframhaldandi kauphækkanir og verðhækkanir og þar með gengisfall.

Var þessi verðbólguþróun ríkisstjórninni að kenna?

Svar:

- 1) Ákveðin var í frjálsum samningum milli launþega og vinnuveitenda 13% almenn kauphékkun, þrátt fyrir að varanir ríkisstjórnarinnar.
- 2) Lögin um kjaradóm voru samþykkt mótagkvæðalaust á Alþingi og kröfur ríkisstarfsmanna voru studdar af öðrum launegasamtökum og þó alveg sérstaklega af stjórnarandstöðulfokkunum.
- 3) Hækkun landbúnaðarafurða var ákveðin samkvæmt lögum, sem haldir hafa lítt breytt í tuttugu ár og allir flokkar þingsins stóðu að á sínum tíma og enginn hefur í two áratugi treyst sért til að flytja gagngerðar breytingartillögur við.

Hvað dvaldi ríkisstjórnina í að koma með aðgerðir til stöðvunar á óheillaþróun verðbólgunnar?

Svar:

- 1) Í framhaldi af kauphékkun til verkamanna í júní voru samningar annarra launastéttá gerðir fram eftir sumri.
- 2) Framkvæmd þeirra breytinga á launakjörum, sem telja mátti beinar afleiðingar kjaradómsins í júlí stóðu lengst af fram í októbermánuði.
- 3) Vitað var, að bændur áttu rétt á breytingum á afurðaverði í septembermánuði.

4) Í sambandi við almennu kauphækkinu í júní varð samkomulag milli launþega og vinnuveitenda um, að sérstök rannsókn skyldi fara fram á greiðslugetu atvinnuveganna. Sú rannsókn hófst ekki fyrr en um miðjan ágúst.

5) Ekki var hægt að öðlast heildaryfirsýn yfir ástand og horfur í launamálum og efnahagsmálum yfirleitt, fyrr en kauphækkanir sumarsins voru um garð gengnar og verð innlendra landbúnaðarafurða hafði verið ákveðið og eitthvað yrði vitað um störf kjararannsóknarnefndar samtaka launþega og vinnuveitenda.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert?

Svar:

- 1) Strax þegar Alþingi kom saman í október stefndi ríkisstjórnin að því, að leggja sem fyrst fram á þingi heildartillögur, sem tryggðu óbreytt gengi, afkomu útflutningsatvinnuveganna og leiðréttingu á tekjuskiptingunni láglunaðfolki í vil.
- 2) Þegar yfirvofandi var verkfall prentara 1. nóvember og verkfall verzlunarmanna 4. nóvember og vitað var um miklu víðtækari verkfallsráðagerðir hinn 11. nóv. taldi ríkisstjórnin, að þjóðhættulegt væri, ef svo væri fram haldið. Var því lagt fram frumvarp um bráðabirgðafestingu kaupgjalds og verðlags til áramóta, meðan unnið væri að heildartillögunum, sem tilætlunin var að leggja fyrir Alþingi.
- 3) Þegar verkalýðssamtökin félle frá fyrirhuguðum verkföllum og buðust til að trygga vinnufrið fram til 10. desember, frestaði ríkisstjórnin afgreiðslu kaup- og verðlagsbindingarfrumvarpsins fram til þess tíma í trausti þess, að heildarsamkomulag næðist á þeim tíma í launamálunum.
- 4) Ríkisstjórnin lagði fram tillögur 3. desember til lausnar í kjaramálunum. Þar var lagt til, að hinir lægst launuðu fengju raunverulegar kjarabætur með 8% kauphékkun og lækkun útsvars, sem jafngilti $4\text{--}5\%$ kauphékkun. Þá var gert ráð fyrir því, að iðnaðarmenn og hliðstæðir starfshópar fengju kauphékkun er næmi 4% . Kauphækkanir voru miðaðar við það, að komist yrði hjá breytingum á gengi krónunnar, enda yrðu gerðar ráðstafanir til að auðvelda útflutningsframleiðslunni að taka á sig þessar launahékkir. Gert var ráð fyrir, að kjarasamningar, sem gerðir yrðu, giltu eigi skemmi tíma en til haustsins 1965, þannig að jafnvægi í verðlagsmálum gæti skapast og útflutningsframleiðslan fengi tækifæri til að tryggja hag sinn. Þessu var hafnað.

Beinn voði fyrir höndum

Strax eftir alþingiskosningarnar í sumar hóf stjórnarandstaðan að útskýra, hvers vegna hún beið ósigur sinn í kosningunum. Var þar ymsu til tjaldar og síðan kveðið við sama tón. Einkum og sér í lagi er því haldið fram, að stjórnarflokkarnir hafi blekkt þjóðina með því að segja henni rangt til um hið raunverulega ástand efnahagsmálanna. Á þjóðinni að hafa verið sagt, að allt væri í stakasta lagi og ekkert yrði um baett. Búið væri að kveða niður verðblóguna, sem landlæg hefur verið frá stríðslökum. Þjóðin hafi síðan átt að leggja trúnað á allar fullyrðingarnar, sem ekki hefðu átt stoð í veruleikanum, og því hafi hún veitt ríkisstjórnarflokkunum traust á röngum forsendum.

Allt þetta tal lýsir vel hugarástandi forustumanna Framsóknar og kommunista. Þannig tala sigraðir og vonsviknir menn.

Hið sanna er, að stjórnarflokkarnir gerðu að sjálfsögðu þjóðinni grein fyrir, hvað áunnist hefði á kjörtímabilinu. En þeir létu einnig þess getið, hvað ógert væri og hver vandi steðjaði að. Það var síður en svo, að leynt væri farið með, að enn herjaði verðbólgan. **Ólafur Thors**, þáverandi forsætisráðherra, notaði t. d. tækifærð í áramótaræðu sinni til þjóðarinnar á gamlársdag 1962, til þess að benda einmitt á þann voða, sem yfir gæti vofað. Hann sagði meðal annars:

„Ég skal strax kveða upp úr með það, að í vissum aðalefnum hefur viðreisnin tekizt betur en björtstu vonir stóðu til. Hins vegar játa ég hispurslaust, að enn hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, enda þótt rétt sé að þjóðin standi í dag betur að vígi en fyrir þrem árum, til að fást við hana. En takizt ekki að sigrast á verðbólgunni gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gíg og beinn voði fyrri höndum“.

(Morgunblaðið 3. janúar 1963.)

Lífsspursmál

Í útvarpsumræðum um vanraust á ríkisstjórnina 6. nóvember s.l. lét Hannibal Valdimarsson sér mjög tíðrætt um kaupbindingarlög sín frá 1956. Kvað hann sig og vinstri stjórnina hafa farið á allt annan veg við undirbúning þeirrar löggjafar en núverandi ríkisstjórn við frumvarp um bráðabirgðafestingu kaupgjalds og verðlags. Árið 1956 hefði verið haft samráð við verkalyðssamtökum,

en núverandi ríkisstjórn hefði ekki skeytt því. Deildi Hannibal fast á ríkisstjórnina fyrir þesar vinnuaðferðir og ítrekaði fullyrðingar sínar. Sagði hann meðal annars:

„Ég endurtek, að lögðin 1956 um festingu verðlags og kaupgjalds voru sett i fullu samráði við verkalyðshreyfinguna“.

Þetta sagði Hannibal í nóvember 1963. En skömmu eftir, að lögðin frá 1956 voru sett, birtist í september—októberhefti blaðs Alþýðusambands Íslands, Vinnunnar, afsökunargrein frá Hannibal Valdimarssyni, þar sem talðar voru ástæður fyrir því, að ekki var haft samráð við verkalyðshreyfinguna um setningu laganna frá 1956 um festingu verðlags og kaupgjalds. Í grein þessari spyr Hannibal:

„Hvers vegna lét forseti Alþýðusambandsins ekki ræða þetta mál á fundum i verkalyðsfélögnum áður en lögðin voru sett“.

Hannibal svarar sjálfum sér:

„Pað var lífsspursmál fyrir hagsmuni vinnandi fólks, að engin vitneskja bærist um hvað til stæði, fyrr en lögðin væru gengin í gildi“.

Lítt sést Hannibal fyrir.

Á akri kommunismans

Eysteinn Jónsson hefur flestum öðrum betur lýst misnotkun kommunista á íslenzku verkalyðshreyfingunni. Í ræðum sínum á Alþingi hefur hann margoft fyrr á árum vikið að máli þessu.

Dæmi:

„Við vitum af kenningu kommunista, til hvers verkalyðsfélög eru að þeirra skilningi. Þau eru til þess að herða stéttabaráttuna, magna átökin. Það verða að eiga sér stað langvinnar deilur og árekstrar. Kjarabætur án tjóns og átaka eru einskis virði að dómi ósvikinna kommunista, verri en ekkert, því að þeir fyrirlíta umbætur. Verkföll verkfallanna vegna, það er þeirra hugsun. Hagsmunir verkamanna og kommunistaflokkins fara því ekki saman. Aldrei hefur það máske sézt betur en nú síðustu vikurnar. Enginn kann tveimur herrum að þjóna. Það er ekki hægt að samræma það hagsmunum verkamanna að beita samtökum þeirra pólitiskt á þann hátt, sem kommunistaflokkurinn krefst“.

(Alþingistíðindi 1954, B bls. 1711—1712).

„Svo er sagt í fræðum kommúnista, að vel sé plægður akur fyrir þeirra útsæði, þar sem verðbólga ræður ríkjum. Þeir munu hafa talið sig góða ræktunarmenn á sína visu, þegar þeir með margvislegum störfum og undirröðri á undanförnum árum áttu góðan hlut að því að skapa það öngþveiti, sem gerði gengislækkun óumflýjanlega. Nú mun það verða helzta verkefni þeirra á næstunni að reyna að hrinda öllu í sama fenið aftur. Aðferðin mun verða sú sama og áður og sú sama, sem þeir nota í nálægum löndum, þótt hún beri lítinn árangur þar, sem sé baráttu fyrir „nýjum kjarabótum“, eins og það verður kallað. Það væri ekki vandlifað, ef það væri örugg aðferð til þess að bæta lífskjörin að knýja fram kauphækkanir“.

(Alþingistíðindi 1950, B bls. 225).

„Alls staðar er undirstrikað sambandið milli framleiðsluafkastanna og lífskjara. Þetta leggja allir áherzlu á, nema auðvitað kommúnistar, þó aðeins kommúnistar utan Rússlands, því að i Rússlandi verða þeir einhvern veginn að sjá búskap sínum borgið og geta ekki leyft sér að flytja rangar kennningar um þetta efni. Í öðrum löndum er það þeirra hlutverk að rugla dómgreind manna og reyna að koma því til vegar, að menn missi sjónar á sambandinu, sem verður að vera á milli aukinnar framleiðslu og kauphækkan, sem eiga að koma að gagni. Þeirra hlutverk er að fá svokallaðar kjarabætur settar á pappír, en vinna jafnframt að því að draga úr afköstunum og framleiðslunni, til þess að koma í veg fyrir, að kjarabæturnar komist lengra en á pappírinn, óánægjan geti haldið áfram og svikamyllan stöðvist ekki“.

(Alþingistíðindi 1950, B bls. 226).

Hin síðari ár hefur Eysteinn Jónsson ekki framhaldið þessum lýsingum. Ef það mikill skaði. Mun mörgum vera forvtni á að heyra hans eigin reynslu, síðan hann létt Framsóknarflokkinn taka upp vinnubrögð kommúnista í verkalýðshreyfingunni og sjálfur gerðist dugmikill ræktunarmaður á þeim akri kommúnismans.

Jafnvel aldamótamennirnir

Talið hefur verið, að við Íslendingar höfum sótt fram til hagseldar og velmegunar á þessari öld. Talið hefur verið, að þess megi gleggst sjá merki á aðbúnaði, menntun og framtíðarmöguleikum unga fólksins, æskunnar, sem erfir landið. En ský hefur nú dregið fyrir sólu, eftir því sem aðalmálgagn Framsóknarfloksins hermir. Í forustugrein Timans 4. nóvember 1962 er rætt um stjórnarstefnuna og segir meðal annars:

„Sú stjórnarstefna, sem fjötrar unga fólk i landinu svo, að jafnvel aldamótamennirnir geta ekki orða bundizt og telja hlut þess og skilyrði til að taka við og halda ferðinni áfram verri en á sínum æskuárum, er að likindum versta tilræði við framfarasókn þjóðarinnar síðan hún hlaut bolmagn frelsis og sjálfstæðis“.

Hér er boðað, að viðreisnarstefnan hafi lagt fjötra á ungt fólk og svípt það árangri framfara, sem orðið hafa.

- 1) ekki einungis síðan lýðveldið var stofnað 1944,
- 2) heldur einnig allt fullveldistímabilið 1918—1944
- 3) og meira að segja allt heimastjórnartímabilið 1904—1918
- 4) og þó nokkru betur, því að unga fólk ið að vera verr sett en það var um síðstu aldamót.

EKKI ER UNGA FÓLK IÐ BORIÐ FYRIR ÞESSUM UPPLÝSINGUM.

EN VERÐA JAFNVEL ALDAMÓTAMENNIRNIR BORNIR FYRIR SÍKU?

FYRIRFINNST NOKKUR SVO FORSTOKKAÐUR NEMA FORUSTA FRAMSÓKNARFLOKKSINS?

Forskrift að kjarabaráttu

Vorið 1955 var háð mikil verfallsbaráttu. Krafist var 30% beinnar kauphækku. Samið var um sem svaraði 16% kauphækku eftir 6 vikna verfall. Fjármálaráðherrann þá, Eysteinn Jónsson, hafði áhyggjur þungar af slikri kjarabaráttu sem vonlegt var. Hann ræddi málið við almennar stjórmálaumræður á Alþingi 9. maí 1955. Þar gerði hann meðal annars grein fyrir, hvernig kjarabaráttu ætti að hans dómi að vera í framkvæmd og sagði:

„Í framkvæmd verður stefnan þannig, að forráðamenn verkalýðsins reyna að gera sér grein fyrir því, hvað hægt sé að hækka kaupið mikið, svo að hækkunin verði hreinn ávinnungur, en kastist ekki aftur í höfuð mönnum án tafar. Það gefur dálitla bendingu um, hvernig á þessum málum er haldið á Norðurlöndum t. d., að síðasta almenn kauphækku í Noregi var um 4%, og síðast þegar samið var í Svíþjóð, fengu flestir 3.6% kauphækku“.

(Alþingistíðindi 1954, B bls. 1711).

ER EKKI FORSKRIFT EYSTEINS ENN Í GÓÐU GILDI?

Að hugsa stórt

Fátt hefur sett meira svípmót á íslenzk stjórnmál hin síðari ár en vandamál verðbólgunnar. Harðvítug hagsmunu- og kjarabaráttá hefur valdið og viðhaldið verðbólguástandi. Hvern dag hefur þjóðin hervaðst og gengið til kjarabaráttunnar. Stétt hefur barizt gegn stétt og hvorir fellt annan. Eftir hver átök hefur gnótt verðbólguunrar verið neytt, unz nýr dagur hefur risið og gengið er út í baráttuna á ný. Það hefur verið leikurinn, líkt og hjá Einherjum forðum.

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, ræddi vandamálið í áramótaráðu í útvarpinu á gamlárskvöld 1961. Hann sagði, að íslenzk stjórnmál þjái þrátefli, sem hafi komið þeim í sjálfheldu. Það sé ekki fyrst og fremst sök Alþingis, heldur að kenna hinu, að menn hafi með samtakamætti stéttanna ætlað að ná meiru en með honum verði með nokkru móti aflað. Því verði með engu móti jafnað, sem ekki hafi verið safnað. Hinni svokölluðu kjarabaráttu síðari ára hafi ætið verið mætt með sömu viðbrögðum, hverjir sem hafi verið í ríkisstjórn og í meirihluta á Alþingi. Hér sé komið í algeran vitahring og sjálfheldu, sem brjótast verði úr. Fordómalaust verði að leita nýrra leiða. Það krefnist góðvildar og einbeitts vilja allra aðila. Og í lok ræðu sinnar sagði forsætisráðherra:

„Því miður hefur það oftar en einu sinni hent í stjórnmálabaráttu okkar á þessari öld, að menn hafa haldið áfram að deila, eftir að deiluefnioð sjálft var úr sögumini. Þær aðfarir hafa ætið orðið þjóðinni til tjóns og eru eftir á taldar til ávirðingar þeim, sem hlut áttu að mál. Látum þau viti verða okkur til varnaðar. Hættum þráteflinu og þeirri gagnslausu kjarabaráttu, sem allir flokkar hafa, þegar þeir báru ábyrgð á stjórn landsins, neyðst til að gera ráðstafanir gegn. Tökum í þess stað upp heilshugar baráttu fyrir þeim kjarabótum, sem eins og nú tilháttar einar megna að verða að gagni og allir hafa lýst sig samþykka. Engin hætta er á, að ekki verði samt nóg um að deila. En deilum ekki einungis til að deila. heldur þar sem raunverulegur málefnaágreiningur er fyrir hendi. Látum ekki persónulegar væringar eða flokksstreitu ráða gerðum okkar. Sýnum í verki, að þrátt fyrir smæð þjóðarinnar kunnum við að hugsa stórt.“

(Morgunblaðið 3. janúar 1963.)

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokkssins.
Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ísafoldarprentsmiðja h.f.

FRÉTTABRÉF

MÍDSTJÓRNAR
SJÁLFSTÆÐIS-
FLOKKSINS

Nr. 7

April

1964

Hefur viðreisnin mistekizt?

Að undanförnu hefur kveðið hátt við sá söngur í málögnum stjórnarandstöðunnar, að viðreisnin hafi farið gjörsamlega út um þúfur. Allt, sem áunnið hafi í fyrstu, sé nú að engu orðið. Festa og jafnvægi efnahagslifsins sé rokið út í veður og vind.

Vist eru blikur á lofti og vandi á höndum, sem bregðast þarf við af raunsæi og taka þarf föstum tökum. Sá vandi stafar fyrst og fremst af undirröðri og niðurriksstarfsemi stjórnarandstöðunnar, en kastar ekki rýrð á viðreisnarstefnuna, sem vel hugsaða og farsæla efnahagsmálastefnu. Nú er enda svo komið, að aðalásteytingarsteinn stjórnarstefnunnar, að dómi andstæðinga hennar, er sá, að hafa ekki haldið nágu fast við viðreisnarstefnuna með fastara taumhaldi á peningalegu jafnvægi.

En viðreisnarstefnan var annað og meira en viðhald stöðugs verðlags, þótt það sé mjög veigamikið grundvallaratriði. Stefnt var að sterkari stöðu út á við og miklum og vaxandi framleiðsluafköstum, heilbrigðu verðmyndunarkerfi og fjárhagskerfi með vel uppbyggðum lánastofnunum. Að þessum verkefnum hefur verið unnið af slíkri kostgæfni, að árangurinn er öllum augljós. Hefur verið fjallað um hina ýmsu þætti þessara mála í Fréttabréfinu.

Í Fréttabréfi nr. 1 voru raktir þrír meginþættir peningamála og gjaldeyrismála, sparifjármynundunin, gjaldeyrисstaða bankanna og greiðslujöfnuðurinn gagnvart útlöndum. En þessir þættir hafa úrslitajýðingu fyrir heilbrigða þróun efnahagslifsins. Sýnt var fram á hvílíkum þáttaskilum viðreisnin hafði þá þegar valdið. Ef áróður stjórnarandstæðinga hefði við rök að styðjast, mætti ætla, að mjög hefði sigið á ógæfuhlið í þessum efnum. En staðreyndirnar eru eftirfarandi. (Samkvæmt endanlegum skýrslum fyrir árið 1961 og 1962 og bráðabirgðatölum fyrir árið 1963.)

Sparifé í bönkum og sparisjóðum.

Millj. kr.

	1957	1958	1959	1960	1961	1962	1963
Sparifé í árslok	1397	1578	1829	2203	2760	3522	4221
Aukning yfir árið ..	163	181	251	374	557	762	699

Þótt sparifjármundunin hafi ekki orðið eins mikil árið 1963 og árið áður, er greinilegt, að lítið hefur enn dregið úr því trausti almennings á gjaldmiðlinum og fjárhagskerfinu, er fær menn til að leggja fram sparifé sitt.

Gjaldeyrisstaða bankanna.

Millj. kr. (núgildandi gengi).

	1957	1958	1959	1960	1961	1962	1963
Staða í árslok	38	229	÷144	127	527	1150	1311
Breyting á árinu	÷126	190	÷372	271	400	623	161

Þótt aukning gjaldeyrisforðans hafi árið 1963 aðeins verið um fjórði hluti aukningarinnar árið áður, ber ekki að lita á það sem veikleikamerki í sjálfu sér. Er gjaldeyrisstaðan hafði náð þeirri upphæð, er hún hafði í árslok 1962, var aðeins ástæða til mjög hægrar aukningar hennar. Í þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar var þannig aðeins stefnt að 134 millj. kr. aukningu. Hefur sú áætlun því fyllilega staðizt.

*Greiðslujöfnuður.**

Millj. kr. (núgildandi gengi).

1957	1958	1959	1960	1961	1962
÷439	÷240	÷584	÷468	+225	+355

Greiðslujöfnuðurinn, sem er heildarmismunurinn á vörum- og þjónustuviðskiptum út á við, varð árið 1962 samkvæmt endanlegu uppgöri 90 millj. kr. hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni. Greiðslujöfnuður ársins 1963 liggur enn ekki fyrir, en vöruskiptajöfnuðurinn varð ÷307 millj. kr., en var 147 millj. kr. árið áður. En með þessari þróun hafði verið reiknað í sambandi við stóraukna fjárfestingu, svo sem bátakaup. Í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni var gert ráð fyrir 377 millj. kr. halla á vöruskiptunum, en 245 millj. kr. viðskiptahalla í heild. Vöruskiptahallinn var því 70 millj. kr. minni en áætlað var og má gera ráð fyrir að svipað muni gilda um greiðslujöfnuðinn í heild.

Niðurstöður ársins eru því mun hagstæðari en á horfðist á síðastliðnu hausti, er sýnt varð að stefndi til óhóflegrar aukningar á innflutningi. Að nokkru má rekja hinn hagstæða árangur til þeirra ráðstafana, er gerðar voru til að draga úr innflutningi gegn vörukaupalánum, en að meirihluta til þess, að útflutningsstarfsemin reyndist þróttmeiri og skilaði meiri vinnsluafköstum en hægt var að gera fyrirfram ráð fyrir. Sömuleiðis hækkaði útflutningsverðlag nokkuð.

* (Tölurnar hafa verið endurskoðaðar frá birtingu þeirra í Fréttabréfi nr. 1, þannig að tekið er tillit til birgðabreytinga í eigu útflutningsaðila erlendis í samræmi við hátt Fjármálatíðinda á birtingu talnanna.)

Viðreisnin hefur þannig reynzt þróttmeiri og lífvænlegri en stjórnarandstaðan gerði sér vonir um. Óleyurstur er sá vandi að tryggja viðunandi verðfestu, en þjóðin er engu að síður á farsælli framfara-braut á grundvelli viðreisnarinnar

Ný vegalög

Hinn 22. mars 1961 samþykkti Alþingi ályktunartillögu frá 6 þingmönnum Sjálfstæðisflokkins, **Bjartmari Guðmundssyni**, **Jónasi Péturssyni**, **Sigurði Ó. Ólafssyni**, **Einari Ingimundarsyni**, **Sigurði Ágústssyni** og **Kjartani J. Jóhannssyni**, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta endurskoða gildandi lög um opinbera veki og brýr og athuga möguleika á oflun fastra tekjustofna til vega- og brúargerða. Hinn 10. maí sama ár skipaði **Ingólfur Jónsson**, samgöngumálaráðherra, nefnd til að annast þessa endurskoðun. Nefndin skilaði álti í októbermánuði 1962. Var það alit síðan í athugun um hríð meðal annars hjá Efnahagsstofnuninni. Með bréfi dagsettu 28. febrúar 1963 fóld samgöngumálaráðherra nefndinni að taka frumvarpið til athugunar á ný með hliðsjón af ýmsum ábendingum, sem raktar voru í bréfinu. Hafði nefndin síðan málið til meðferðar í samráði við ríkisstjórnina og varð samkomulag í nefndinni um álit hennar og tillögur, er lagðar voru fram á Alþingi í desember s.l. sem frumvarp til vegalaga, og var það samþykkt með nokkrum breytingum, sem lög frá Alþingi 20. desember s.l.

Hin nýju vegalög fela í sér þessar helztar breytingar frá eldri skipan:

1. Í framtíðinni skal vinna vegaframkvæmdir eftir fjögra ára áætlun, sem taki hver við af annarri. Skal hver áætlun öðlast gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana, en gert er ráð fyrir endurskoðun áætlanaðna eftir tvö ár. Með þessu móti eiga skipulögð vinnubrögð að verða mun hagkvæmari en það kerfi, sem ríkt hefur með árlegum ákvörðunum um framkvæmdir. Íbúar hvers byggðarlags munu með þessum hætti fá vitneskjum um, hvað framundan er af vegagerð, sem beðið er eftir.

2. Gert er ráð fyrir miklum breytingum á flokkun vega. Verða þjóðvegir í þremur mismunandi flokkum eftir því hvers konar vegar er þörf á hverjum stað. Í lögunum eru reglur um flokkana og reglugerð kveður nánar á um gerð vegar í hverjum flokki, hver breidd skuli vera, malarvegir eða varanlegt slitlag o. s. frv. Engin flokkun þjóðvega hefur áður verið í lögum.

3. Nýju lífi er blásið í sýsluvegakerfið og fjárframlög til þess, bæði heimaframlag og ríkis hækka og heildarfjárráð sjóðanna nær prefaldast. Hreppavegir eru felldir niður.

4. Hingað til hafa þjóðvegir verið slitnir, þar sem þeir koma að mörkum kaupstaða eða kauptúna og hefur verið til þess ætlazt, að viðkomandi byggðarlag kosti vegina innan sinna endimarka. Hin nýju

vegalög kveða svo á, að þjóðvegir teljist gegnum kaupstaði og kauptún eða inn í slíkar byggðir, svo að eðlilegt samhengi vegakerfisins rofni ekki, eða greið leið sé að athafnarstöð hvers staðar, ef vegur endar þar. Ákveða löginn, að árlega verði veitt 12½% af tekjum vegamála til þessara þarfa og henni skipt milli kaupstaða og kauptúna eftir íbúafjölda, nema hvað 10% fjárins megi ráðstafa til að flýta sérstökum verkefnum. Þegar byggðarlag hefur lagt þá vegi, sem teljast þjóðvegir innan marka þess, verður því frjálst að verja framlagi sínu til almennrar gatnagerðar eftir eigin vali.

5. Löginn gera ráð fyrir, að tekjur ríkisins af benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi renni til vegamála skv. nánari ákvæðum laganna, en hingað til hefur mest af þessum tekjum runnið til almennra þarfa ríkissjóðs.

6. Til þess að auka verulega framlög til þjóðvega og sýsluvega, svo og afla fjár til styrktar gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum, er hækkað innflutningsgjald af benzíni um kr. 1.30 af hverjum lítra, upp í kr. 2.77, og innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar um kr. 3.00 af hverju kg, upp í kr. 9.00. Ennfremur er hækkaður verulega þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, eftir nánar tilteknum reglum.

7. Auk framangreindra gjalda kveða löginn svo á, að árlega skuli veitt sérstakt framlag á fjárlögum til vegamála. Þetta framlag á fjárlögum fyrir árið 1964 nemur 47,1 millj. kr.

8. Heildartekjur til vegamála árið 1964 eru áætlaðar 242,1 millj. kr. Er það um 105 millj. kr. meira en var í fjárlögum fyrir s.l. ár. Nemur þessi hækjun um 77%.

Með setningu hinna nýju vegalaga hafa orðið straumhvörf í vegamálum þjóðarinnar. Þetta er fólgíð í

- 1) bættu skipulagi og starfsháttum,
- 2) stórauknum framlögum til vegamála,
- 3) föstum tekjustofnum til framkvæmda í vegamálum, sem eiga að aukast í samræmi við auknar þarfir, með því að nú hefur verið komið á sambandi milli álagsins á vegunum, þ. e. bíla-fjöldans, og þess fjármagns, sem til ráðstöfunar er til vegamála, en það hefur ekki áður verið.

Nú er eftir að sjá, hvort hugur fylgir máli.

Þegar ríkisstjórnin markaði stefnu sína í efnahagsmálum árið 1960, hélt stjórnarandstaðan því fram, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar myndu leiða til geigvænlegs atvinnuleysis í landinu, svo sem enn er í fersku minni. Þessum áróðri var haldið linnulaust að þjóðinni, svo lengi sem stætt var. Þegar það hafði sýnt sig í eitt ár, að stefna ríkisstjórnarinnar treysti atvinnuöryggi og efldi atvinnuvegi landsins eins og til var áælast, svo að almenningur hafði hærri launatekjur en nokkru sinni fyrr, þá gafst stjórnarandstaðan upp á því að berja

höfðinu við steininn. Peir snéru skyndilega sínu kvaði í kross og ásökuðu ríkisstjórnina fyrir of mikla atvinnu. Magnaðist skjótt sá áróður svo, að ásakanir um vinnuþrælkun varð eitt aðalársarefni stjórnarandstöðunnar gegn ríkisstjórninni. Hefur síðan naumast linnt áróðri þessum.

Eftir því sem betur hefur komið í ljós, að almennar launatekjur hafa aldrei verið hærri en hin síðstu ár hefur stjórnarandstöðunni elnað sóttin. Hækkaðar launatekjur áttu að vera tilkomnar einungis vegna lengingar vinnudagsins. Nokkuð eru allar þessar fullyrðingar óljósar. Ekki liggja fyrir óyggjandi heimildir fyrir því, hvað vinnudagurinn hafi t. d. árið 1963 lengst frá því sem hann var 1958, eða hvort hann er yfirhöfuð nokkuð lengri. Annað mál er það, að vinnudagurinn hjá okkur er tvímælalaust of langur og verulega lengri en meðal þeirra þjóða, sem okkur eru hliðstæðastar að menningu og attvinnuháttum. Á þetta hefur verið bent á undanförnum árum og ekki sízt af hálfu Sjálfstæðismanna, sem haldið hafa því fram, að vænlegasta ráðið til raunverulegra kjarabóta fyrir almenning væri betri vinnutilhögun og þar með stytting þess vinnutíma, sem þarf til að vinna fyrir þeim tekjum, er allur þorri verkaþolks aflar sér.

Á Alþingi 1961 var borin fram þingsályktunartillaga um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi verkaþolks. Tillaga þessi var flutt af fjórum helztu verkalyðsleiðtogum kommúnista, þeim Birni Jónssyni, Eðvarð Sigurðssyni, Hannibal Valdimarssyni og Gunnari Jóhannssyni. Ríkisstjórnin tók feginshendi tillögu þessari og beitti sér fyrir samþykkt hennar. Um þetta sagði forsætisráðherra **Bjarni Benediktsson** í áramótaávarpi sínu til þjóðarinnar á gamlaársdag 1961, að viðfangsefnið hlyti að vera að stytta hinn langa vinnutíma, án þess að launþegar eða vinnuveitendur missi nokkurs í. Ef marka mætti reynslu annarra, hlyti að vera unnt að ná þessu marki í mörgum atvinnugreinum. En það krefðist góðvildar og einbeitts vilja allra aðila til að ná árangri. Forsætisráðherra sagði síðan:

„Tillöguflutning Björns Jónssonar og félaga hans varð að skoða sem útréttu hönd til samstarfs um að brjótast út úr sjálfheldunni og taka upp árangursvænlegri vinnubrögð en nú um langt skeið hafa verið tiðkuð. Með þeim skilningi var tillaga þeirra að meginnefni samþykkt einum rómi á Alþingi. Nú er eftir að sjá, hvort hugur fylgir máli — hjá öllum aðilum. Fyrirfram vil ég ekki efa, að svo sé, svo mikil sem er í háfi . . .“

(Morganblaðið 3. janúar 1962.)

En hvernig hefur nú framvinda þessara mála verið? Hefur þetta sjónarmið mótað kjarabaráttuna síðan? Augljóst er, að eitt frumskilyrði þess, að hægt væri að stytta vinnutímann án skerðingar á launatekjum er það að hækka kaupið. En í því sambandi er tvennt þýðingarmikið. Annars vegar það, að í þessu skyni væru gerðar kaup-

hækkanir einungis á launum hinna lægstlaunuðu, en ekki yrðu gerðar kauphækkanir almennt, sem hefðu í för með sér rýrnun kaupmáttar launanna, vegna þess að kauphækkun hefði ekki stoð í aukinni þjóðarframleiðslu. Hins vegar var eðlilegt, að kauphækkun hinna lægstlaunuðu kæmi aðeins eða fyrst og fremst á dagvinnu, en ekki eftirvinnu.

Nú skyldi ætla, að verkalýðssamtökun undir forystu sömu manna og báru fram þingsályktunartillöguna árið 1961 um 8 stunda vinnudag sýndu þó ekki væri nema einhverja viðleitni í þá átt, að stefnt væri að styttum vinnudegi og lögð væri áherzla á það mál í kjarabaráttunni. En því hefur ekki verið að heilsa.

Einna gleggst kom þessi afstaða kommúnistaforystunnar í verkalýðshreyfingunni fram í kjaradeilunum í desember s.d. Enginn ágreiningur var þá um, að réttmætt væri og nauðsynlegt, að þeir lægstlaunuðu fengju kjarabætur. Verkalýðsforingjarnir játuðu það sjálfir, eins og fyrri daginn, en þeir snérust gegn því, að hinir lægstlaunuðu fengju hærri kauphækkun en þeir, sem betur voru settir.

Þegar ríkisstjórnin aftur á móti tók að hafa afskipti af kaupdeilu þessari, mörkuðust viðhorf hennar fyrst og fremst af því, að hinir lægstlaunuðu fengju raunhæfar kjarabætur. Í samræmi við þessa afstoðu, lagði ríkisstjórnin fram tillögur 3. desember til lausnar í kjaramálunum. Í tilboði ríkisstjórnarinnar fólust raunverulegar kjarabætur með 8% kauphækkun og lækkun útsvars, sem jafngilti 4–5% kauphækkun. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir, að iðnaðarmenn og hliðstæðir starfshópar fengju kauphækkun, er næmi meir en 4%. Kauphækkanir skyldu aðeins koma á dagvinnu.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar fólust einu raunhæfu aðgerðirnar, sem stefnt hafa að því, að styttu vinnutímann í anda þingsályktunartillögunnar frá 1961, vegna þess að þær gerðu ráð fyrir

- 1) kauphækkun fyrst og fremst til hinna lægstlaunuðu,
- 2) hækkan aðeins á dagvinnukaupi en ekki eftirvinnukaupi.

Hvað gerði hin kommúnistiska verkalýðsforusta?

Hún hafnaði tillögum ríkisstjórnarinnar. Við höfum nú séð, hvort hugur fylgdi málí.

Fjögra ára áætlun

Sú var tíðin, að Framsóknarflokcurinn taldi sig vera flokk framfara og nýjunga. Hann stærði sig af þessu hlutverki sínu, þó að það orkaði að sjálfsögðu tvímælis, með hvaða rétti hann gæti gert slíkt. Eftir framferði Framsóknarflokksins í tíð viðreisnarstjórnarinnar kemur engum tilugar, að bendla þann flokk hvorki við framfarir né nýmæli. Framsóknarflokcurinn hefur ekki einungis barizt gegn efnahagsmálastefnu númerandi ríkisstjórnar, heldur hefur hann valið sér hlutskipti þess afturhalds, sem er á móti öllum nýjungum án til-

lits til þess, hvers eðlis þær eru. Þessum viðhorfum sínum hefur flokkurinn verið trúr svo lengi, sem honum hefur þótt staett á þeiri afstöðu. Hér skal nefnt eitt dæmi.

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, sagði í fjárlagaræðu 8. febrúar 1960:

„Það er venja að áætla í frumvarpi til fjárlaga eina heildarupphæð til nýrra akvega, nýrra þjóðvega, en Alþingi skiptir svo þessu fé milli einstakra vega að tillögu fjárveitinganefndar. Pessar fjárveitingar hafa undanfarin ár verið 220—230 að tölu. Um helmingur fjárveitinganna er að upphæð milli 10 og 50 þús. krónur í hvern stað. Eins og nú er háttar vegagerð hér á landi með stórvirkum vélum og tækjum, þá er það ljóst og óumdeilanlegt, að við pessar smáu fjárveitingar fer að minnsta kosti önnur hver króna til ónytis, er beinlinis fleygt í kostnað við flutninga á vélum og mannskap til og frá. Það væri til hagsbóta fyrir alla aðila, fyrir ríkissjóð og fyrir það fólk í byggðum landsins, sem á að njóta þessara vega, að upphæðirnar væru stærri og færri, hannig að hver króna nýttist betur. Ég veit, að það er viðkvæmt mál í hverri sýslu og hverri sveit, að vegur þeirra fái eitthvað á hverju ári. En væri ekki hugsanlegt að leysa málíð með því t. d., að gera fjögra ára áætlun um vegagerð og í stað þess að tiltekinn vegur fengi t. d. 25 þús. kr. á hverju ári í fjögur ár, þá fengi hann 100 þús. kr. fjárveitingu í ár eða á næsta ári eða einhvern tíma á þessu fjögra ára tíma-bili.“

(Alþingistíðindi, 1959, B, bls. 1469—1470.)

Hér hreyfði fjármálaráðherra hugmyndinni um fjögra ára vegáætlun. Framsóknarflokcurinn brást illa við þessari hugmynd. Í sömu umræðum talaði talsmaður Framsóknarflokksins, **Halldór Sigurðsson**, og komst svo að orði:

„Þá talaði hæstvirtur ráðherra um það, að þegar væri farið að koma í ljós stefna hans til samdráttar í vegamálunum hanning lagað, að nú væri unnið í færri vegum en áður hefði verið. Taldi hæstvirtur ráðherra, að mjög mikil væri til bóta, að slik stefna skyldi verða upp tekin. Það er nú sannast sagna og vita þeir, sem í dreifþýlinu búa, að ástæðan til þess, að vegafénu hefur verið skipt, svo sem raun ber vitni um, hefur verið til þess að koma vegunum áfram, og ég held því hiklaust fram, að það sé meiri vegagerð á Íslandi nú einmitt fyrir þessa stefnu.“

(Alþingistíðindi, 1959, B, bls. 1600.)

Glöggt var, hvað þeir vildu. Framsóknarflokcurinn vildi ekki breytingu. Hann vildi halda við skipulagsleysi í vegaframkvæmdum. En hugmyndin um vegaáætlun varð ekki niður kveðin. Það er ekki enda-

laust hægt að standa gegn svo sjálfsögðum framförum. Á þessu fékk Framsóknarflokcurinn að kenna. Hugmyndin um fjögra ára vega-ætlun var tekin upp í frumvarpi til vegalaga, sem lagt var fyrir Alþingi í desember s.l., og þá sá Framsóknarflokcurinn sér ekki annars úrkosta en að greiða atkvæði með þessari nýjung, tæpum fjórum árum eftir að hugmyndin var fram borin og fordæmd af þeim sjálfum.

Þarf kankske fjögra ára áætlun til þess að vinna Framsóknarflokkinn til fylgis við framfarir í landinu?

Að vera sjálfum sér samkvæmir

Enginn ætlar sér þá dul, að finna út, hver er efnahagsmálastefna Framsóknarflokksins. Ef allt væri með felldu, væri sannleikans að leita í ræðum Framsóknarmanna og skrifum um efnahagsmálin. Þar skortir að vísu ekki fullyrðingar og jafnvel tillögur í tilteknum tilvikum. En eftir vandlegustu athugun getur enginn verið nokkru nær um það, hver er heildarstefna flokksins í þessum þýðingarmiklu málum. Hér eru Framsóknarmenn sjálfir engu betur settir en aðrir menn. Það kom berlega fram í Alþingiskosningunum á s.l. sumri, þegar þeir voru ekki þess megnugir, að hafa nokkra heildarstefnu í efnahagsmálunum til að leggja fyrir þjóðina og lá þó mikið við. Vandi þessi stafar af því, að ummæli Framsóknarmanna allt frá því að viðreisnarstefnan var upp tekin 1960 stangast á við

- 1) viðurkennd hagfræðileg lögmál efnahagslífssins,
- 2) stefnu þeirra sjálfra, þegar þeir fóru með völd, eða
- 3) einföldustu rökfræðileg orsakasambönd.

Þetta gera hinir eldri og reyndari í forystu Framsóknarflokksins sér ljóst, svo að ekki sé talað um sjálfan foringjann Eystein Jónsson. Má reyndar segja, að honum sé sérstakur vandi á höndum, vegna þess að hann hefur áður sýnt, að hann kann nokkuð til lögmála efnahagslífssins, hefur sjálfur haldið um stjórnvöllinn og hefur stundum sýnt töluverða heilbrigða skynsemi. Og með því að Eysteini er sjálfum þetta allt saman ljóst, leggur hann sig fram um að tala svo, að varla verði hönd á fest. Minni spámennirnir tíðka þessa sömu list eftir því, sem þeir hafa hæfileika til. Skal því engan furða, þótt erfitt sé að finna út heildarstefnu Framsóknarflokksins um þessar mundir.

Gott dæmi um þetta ástand eru t. d. umræðurnar um útlánsvexti bankanna. Á fátt hafa Framsóknarmenn lagt meiri áherzlu á undanförnum árum en að vextina skuli lækka. Krafan um vaxtalækkun hefur verið fast viðlag í ræðum Framsóknarmanna um efnahagsmálin. Ekki er það þó venja þeirra að útskýra, hver áhrif vaxtalækkun hafi á jafnvægi í peningamálum og fjármálum. Það er regla hjá þeim, að úttala sig ekkert um það, hver áhrif vaxtalækkun hefur á útlánastarfsemi bankanna. Ekki verður séð, hvort þeir telja, að lækkun vaxta

auki útlánin eða minnki, og jafnvel verður oft ekki vitað af beinum ummælum þeirra, hvort þeir vilja auka útlánin eða minnka. Allra manna slyngastur í þögnum um þessi atriði er Eysteinn sjálfur, þótt aðrir fylgi dyggilega í fótspor meistarans.

En engin regla er án undantekningar. Einum nýliða í þingliði Framsóknarflokksins hefur orðið fótaskortur á þessum refilsstigum. Er það sjálfsagt vegna reynsluleysis, en er samt góðra gjalda vert, vegna þess að um leið hefur hann gefið skýringar á vaxtapólítík Framsóknarflokksins.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur því verið haldið fram, að lækkun vaxta myndi nú leiða til aukinnar þenslu í efnahagslífini. Við 2. umræðu í efri deild um frumvarp um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. 30. janúar 1964 svaraði **Helgi Bergs** þessu þannig:

„*Þessu er slegið fram, og þá um leið þegjandi látið að því liggja, að lækkaðir vextir mundu leiða til aukinna útlána. Þetta er sú fullyrðing, sem ég get ekki fallizt á, að rétt sé i okkar þjóðfélagi, eins og efnahagsþróun hefur verið hér á undanförnum árum. Útlánin takmarkast ekki vegna þess, að vextir séu svo háir, að þeir takmarki eftirspurnina. Það vitum við allir. Heldur takmarkast útlánin eingöngu af skömmutun bankanna. Og það er hvert á móti hægt að nefna þess dæmi úr okkar efnahagslifi undanfarin ár, að of háir útlánavextir viðskiptabankanna hafi aukið á útlánin. Á síðastliðnum vetri höfðu Seðlabanknum safnæzt allverulegir gjaldeyrissjóðir og á móti þeim stóð fé á bundnum reikningum hér heima fyrir. Gjaldeyrivarssjóðurinn stóð í erlendum bönkum eða erlendum pappírum á mjög lágum vöxtum. Seðlabankinn mun hafa séð fram á alvarlegan vaxtahalla. Hann greip þá til þess ráðs, að lækka vexti af vissum innstæðum viðskiptabankanna. Nú er það alveg ljóst, að þó að sparifé almennings hreyfist eftir ýmsum öðrum lögmálum heldur en vaxtafætinum einum, t. d. verðlagsþróunin o. fl. hefur auðvitað áhrif á það, hvernig fólk ráðstafar peningum sínum, þá eiga viðskiptabankarnir ekki margra kosta völ í þessu efni. Þeir geta ekki varið því fé, sem þeir hafa undir höndum, undan verðbólgunni með því að koma því í föst verðmæti. Þó að fjárfestingar á vegum bankakerfisins í landinu séu nú allverulegar, þá eru þær, sem betur fer, ekki nema mjög lítið brot af því fé, sem þeir hafa yfir að ráða. Þess vegna geta viðskiptabankarnir aðeins valið á milli þess að lána fé sitt út til almennings eða atvinnuveganna eða leggja það inn í Seðlabankann. Þegar Seðlabankinn lækkar sína vexti, án þess að almennir útlánsvextir bankanna séu lækkaðir, þá mundi ég ekki ásaka bankastjóra viðskiptabankanna, þó að þeir ykju útlán sínum eftir því sem þeir gætu og drægju þá jafnframt úr innstæðum sínum hjá Seðlabanknum. Og það skyldi þó aldrei vera,*

að þessi ráðstöfun, sem ég hef verið að gera að umræðuefni, skyldi eiga nokkurn þátt í því, að útlán bankakerfisins ykjust um 400 millj. kr. meira heldur en spariféð í landinu á því tíma bili, sem — eftir að þessi vaxtabreyting, sem ég var að nefna, var gerð og þangað til vöxtunum var breytt aftur í september mánuði s.l. . . . Það þarf nefnilega að vera pannig, ef rekin er ákveðin fjármálapólítik, þá verða menn að vera sjálfum sér samkvæmir.“

Út úr framangreindum ummælum verður ekki annað lesið en það, að

- 1) útlán bankanna hafi verið of mikil,
- 2) bankarnir skammti útlán án tillits til vaxtakjara,
- 3) lækkun útlánsvaxta hafi þó í för með sér minnkun útlána vegna þess,
- 4) bankarnir sjái sér þá hag í því, að binda meira af fé sínu í Seðlabankanum, — en
- 5) í Seðlabankanum hafi of lítið fé verið bundið.

En hvernig kemur nú þessi málsútlisun Helga Bergs heim og saman, annars vegar við áróður Framsóknarflokksins og hins vegar lögmál efnahagslífsins og heilbrigða skynsemi? Það geta menn dæmt um með því að hafa í huga, að

- 1) Framsóknarflokkurinn hefur ásakað ríkisstjórnina fyrir of lítil bankaútlán en ekki of mikil,
- 2) bankarnir þyrftu að geta skammtað sér innlánin, ef ætti að út-loka áhrif vaxtakjaranna á bankastarfsemina,
- 3) lækkun útlánsvaxta, að öðru óbreyttu, eykur alltaf eftirspurn eftir útlánum, enda til þess gerð og hækkan vaxta til hins gagnstæða,
- 4) bankarnir sjá sér alltaf hag í því að ávaxta fé sitt með hæstu fáanlegum vöxtum, en útlánsvextir hljóta alltaf að vera hærri en vextir af bundnu fé í Seðlabanka,
- 5) Framsóknarflokkurinn hefur ásakað ríkisstjórnina fyrir að binda of mikið fé viðskiptabankanna í Seðlabankanum, en ekki of lítið.

Það er virðingarvert af Helga Bergs að gera tilraun að rökræða um áhrif vaxtakjaranna, en honum verður óhjákvæmilega á í messunni. Áróður og afstaða Framsóknarflokksins til vaxtamálanna og efnahagsmálanna í heild þolir nefnilega ekki að beitt sé rökum. Hinir eldri og reyndari Framsóknarmenn bera heldur slíkt ekki við. Peir halda sig við síendurtekin slagorð og órokstuddar fullyrðingar. Það er aðferð fyrir sig. En þegar menn ætla að beita rökum, þá fyrst reynir á að vera sjálfum sér samkvæmir.

Verkin tala

Framsóknarmenn hafa að undanförnu farið hörðum orðum um ástand vegamálanna. Hafa þeir haldið fram, að vegakerfið væri að grotna niður vegna stórkostlegs samdráttar í verklegum framkvæmdum og fjárfamlögum til þeirra. Þetta hafa þeir mælt gegn betri vitund, því að framlög ríkisins til vegagerða hafa verið meiri bæði að notagildi og hlutfallslega í tíð númerandi ríkisstjórnar en áður var, svo að ekki sé talað um þá miklu hækku, sem verður við hin nýju vegalög, er samþykkt voru í desember s.l.

Erfitt er að tala við menn, sem bæði neita staðreyndum og berja höfðinu við steininn. En ekki ferst Framsóknarmönnum vel vandlætingin í þessum eftum, þegar athugað er ástand vegamálanna, þegar þeir sjálfir létu af völdum. Mætti ætla, að þá hafi allt verið í sómanum og lítt stoði að mæla því gegn. En hér vill svo til, að byggja má á ummælum þeirra einu manna, sem Framsóknarflokcurinn tekur mark á, þ. e. hans eigin manna.

Páverandi formaður flokksins, **Hermann Jónasson**, bar fram frumvarp um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi ásamt samflokksmönnum sínum **Páli Þorsteinssyni** og **Sigurvin Einarssyni**, bæði á þinginu 1959 og 1960, þ. e. í byrjun síðasta kjörtímabils, þegar viðreisnarstjórnin var að taka til starfa. Í greinar-gerð að frumvarpi þessu er ástandi vegamálanna lýst og gerð grein fyrir fjárveitingu til vegagerða, en síðan segir:

„*Þetta hefur af ástæðum, sem áður eru nefndar, leitt til þess, að þar sem strjálbýlið er mest og jafnframt kostnaðarsamast að koma á vegasambandi er nú vegasbandslaust á stórum svæðum. Afleiðingin er yfirvofandi brottflutningur þess fólks, sem býr á þessum landssvæðum, því að það sér fram á, að ef ekki er gert sérstakt heildará tak i þessum eftum, en aðeins unnið að vegagerðinni með svipuðum hraða og verið hefur, þ. e. eftir þeirri meginreglu, að fjárveiting sé svipuð til þess-ara kjördæma og annarra kjördæma, þar sem vegir eru komnir á flesta bæi, þá liður langur tími þangað til vegasamband er komið á. En vegleysi þýðir það, að skref er að sumu leyti stigið aftur á bak . . .*

Peir, sem ekki hafa vegasamband, hafa því allt aðra aðstöðu en aðrir begnar þessa þjóðfélags. Í því er ekkert réttlæti. Við það unir fólk ekki heldur til lengdar að láta setja sig skör neðar en aðra. Það flytur burt af þessum svæðum. Þegar þetta hefur gerzt er ekki auðvelt að koma landinu í byggð aftur. Frumvarp þetta er borið fram í því skyni að reyna að birgja brunninn í tima.“

(Alþingistíðindi, 1959, A, bls 179—180.)

Þetta segir í greinargerð frumvarpsins, en í umræðum um frumvarpið sagði **Sigurvin Einarsson**, er hann lýsti ástandinu í vegamálunum á Vestfjörðum:

„Samkvæmt þeim skýrslum, sem vegamálastjóri lagði barna fram, kom í ljós, að hið mesta misræmi ríkir í vegamálum milli héraða. Ær ástæðan að sjálfsögðu sú, að hlutfallslega hefur miklu minna fé verið varið til nýbyggingar vega í einum landshluta en öðrum, þegar litið er á þarfir þessara byggðarlagar. Afleiðingarnar leyна sér ekki heldur, ef litið er á atvinnu- og framleiðsluskilyrði þess fólks, sem þarna býr, eða ef litið er á brottflutning fólks úr þessum byggðarlögum, sem búa við bágborið ástand í vegamálum. Það er eins og sú venja hafi skapast og það fyrir löngu að hafa skiptingu fjárveitinga til vegamála nokkuð svipaða frá ári til árs milli sýslufélaganna í landinu. Samkvæmt þessari venju verður misræmi í þessum málum milli héraða og landshluta ekki leiðrétt, sem er þó aðkallandi nauðsyn að leiðréttu. Við flutningsmenn þessa frumvarps sjáum ekki aðra leið færa til að bæta úr þessu misræmi en þá að taka innlent lán í þessu skyni. Á þann hátt bætir hið opinbera að nokkru fyrir það, að misgert hefur verið við fólk eftir því, hvar það hefur búið í landinu. Það er þó við fjarri, að jafnvægi verði komið á milli landshluta í þessum efnunum, þótt samþykkt verði það frumvarp, sem hér er flutt, en það er þó verulegur áfangi til þess að rétta hlut þeirra, er erfðasta aðstöðu hafa í vegamálum.“

(Alþingistíðindi, 1959, C, bls. 271.)

Í þessari lýsingu Framsóknarmanna kemur fram, að

- 1) hörmungarástand hafi ríkt í vegamálunum, þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum,
- 2) strjálbýlið hafi verið beitt hinu mesta misrétti miðað við önnur héruð,
- 3) vegasambandslaust hafi verið á stórum svæðum á Vestfjörðum og Austurlandi, — en hins vegar er þess ekki getið,
- 4) Framsóknarflokkurinn hafði undanfarin 9 ár, frá 1950—1958 samfleytt allan þann tíma, haft bæði fjármálaráðherra og vegamálaráðherra.

Stóriðja

Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra, ræddi á Alþingi 5. febrúar s.l. um stórvirkjun, alúminiumbræðslu og olíuhreinsunarstöð.

Stórvirkjun og alúminiumbræðsla.

Ráðherrann sagði, að ríkisstjórnin hefði nú um nær þriggja ára skeið beitt sér fyrir athugunum og viðræðum varðandi stórvirkjun

og alúminiumbræðslu hér á landi. Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og á hennar vegum hefðu tveir aðilar unnið að athugun þessara mála, Stóriðjunefnd, sem svo hefur verið kölluð, og Raforkumálastjórn ríkisins. Stóriðjunefnd hafi verið skipuð af þáverandi iðnaðarmálaráðherra **Bjarna Benediktssyni** með bréfi dagsettu 5. maí 1961. Unnið hafi verið að því kappsamlega, að rannsaka til hlitar möguleika til hagkvæmrar stórvirkjunar annað hvort við Búrfell í Þjórsá eða Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum. Þá hafi á vegum ríkisstjórnarinnar átt sér stað viðræður við ýmis alúminiumfyrirtæki um möguleika á því, að þau settu upp alúminiumbræðslu hér á landi. Viðræður þessar hafa reynzt jákvæðar að því leyti, að nú virðist útlit fyrir að tvö alúminiumfyrirtæki, annað svissneskt en hitt amerískt, hafi áhuga á því að reisa hér í sameiningu alúminiumbræðslu. Sagði ráðherrann, að með samningi við alúminiumfyrirtækin um orkusölu frá stórvirkjuninni fengist grundvöllur þess, að Íslendingar geti aflað fjármagns til virkjunarinnar og margvíslegar fyrirmyn dir slíkra samninga mætti finna í öðrum löndum.

Ráðherrann sagði, að athuganir bentu til þess, að 105 þúsund kílowatta orkuver við Búrfell í Þjórsá myndi verða hagkvæmasta lausnini virkjunarmálunum. Myndi slík virkjun kosta 1100 millj. kr. Hagkvæmt væri talið að staðsettja alúminiumverksmiðju við Faxaflóa, en einnig væri athugaðir möguleikar á því, að alúminiumbræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð og háspennulína yrði lögð frá Búrfelli til Akureyrar. Hann sagði, að 30 þúsund tonna alúminiumbræðsla mundi kosta um 1100 millj. kr. og væri hugmyndin sú, að erlend alúminiumfyrirtæki leggðu fram allt fjármagn til bræðslunnar og tækju á sig alla áhættu af rekstri hennar. Ráðherrann sagði síðan:

„Ríkisstjórnin er eindregið þeirrar skoðunar, að stórvirkjun sú, sem hér hefur verið rædd, ásamt byggingu alúminiumbræðslu, sé framkvæmd, sem geti haft stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Með þessu móti mundi Íslendingum opnast í fyrsta skipti leið til þess að nýta hinar geysimiklu orkulindir, sem þjóðin á ónotaðar í stórám Íslands. Stórvirkjanir á borð við Búrfellsþirkjun og Dettifossþirkjun er svo mikið fyrirtæki, að enn mun liða langur tími, þangað til Íslendingar geta ráðist í þau af eigin rammleik, nema til komi samtímis nýr iðnaður, sem getur orðið kaupandi að miklum hluta orkunnar. Takist okkur hins vegar að komast yfir fyrsta hjallann, má telja víst, að framhaldið verði auðveldara, svo að ódýr orka til iðnaðar og almenningsnota geti orðið einn af hyrningardeinum bætrar afkomu íslenzku þjóðarinnar. Auk þeirrar þýðingar, sem alúminiumbræðslan mundi hafa fyrir þróun stórvirkjana hér á landi, mun rekstur hennar gefa þjóðarbúinu hér á landi drjúgar tekjur í framtíðinni. Ef reiknað er með 30 þús. tonna verksmiðju, eins og gert hefur verið í við-

ræðum að undanföru, mundi alúminiumbræðslan skapa 250—300 manns atvinnu, en auk þess er ástæða til að ætla, að frekari alúminiumiðnaður muni vaxa hér upp á grundvelli þess hráefnis, sem frá alúminiumbræðslunni mundi koma.“

(Morgunblaðið 6. febrúar 1964.)

Oliuhreinsunarstöð.

Ráðherrann sagði, að upphaf oliuhreinsunarmálsins væri það, að ýmsir aðilar hefðu undanfarin tvö ár gert sér grein fyrir því, að oliuhreinsunarstöð færi að verða arðbært fyrirtæki hér á landi. Kæmi þar tvennt til, annars vegar vaxandi notkun benzíns og olíu, vegna aukinnar vélvæðingar, en hins vegar tækniþróun í oliuhreinsun, sem gert hefur minni hreinsunarstöðvar en áður arðbærar. Sagði ráðherrann, að einstaklingar í samvinnu við íslenzku ólífelögum hefðu undirbúið mál þetta ásamt bandarískum fjárfestingaraðila, sem vildi vera minnihluta eigandi í félagi, sem stofnað yrði í þessum tilgangi, en selja hlut sinn eftir fá ár, ef því væri að skipta, þannig að félagið yrði þá alíslenzkt og væntanlega með almenningsþáttöku.

Áætlað hefði verið að stofnkostnaður oliuhreinsunarstöðvar yrði 300—350 millj. kr. Athuganir bentu til þess, að gjaldeyrissparnaður af rekstri stöðvarinnar mundi nema 75 milljónum króna á fyrsta ári, en síðan hækka allt upp í 166 millj. kr. á ári. Ekki þyrfti nema um 100 manns til að starfrækja þetta fyrirtæki og myndi því hver einstaklingur, sem þar ynni, spara gjaldeyri frá 750 þús. kr. á ári til 1,7 millj. kr.

Ráðherrann sagði síðan:

„Auk beins hagnaðar og gjaldeyrissparnaðar, sem oliuhreinsunarstöð hefði í för með sér, er óhætt að fullyrða, að af henni yrði margvislegur óbeinn hagnaður fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, sem erfitt er að meta. Oliuhreinsunarstöð mundi framleiða ýmis hliðarefni, sem mikla þýðingu gætu haft, svo sem asfalt til vegagerðar og vatnsefni, sem gæti orðið mikilvægt í sambandi við stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Mikilvægasti óbeini hagnaðurinn af rekstri oliuhreinsunarstöðvarinnar er þó að flestra dómi sá, að með henni mundi koma inn í landið margvisleg tæknikunnáttá á svíði efnaiðnaðar og ný tækifæri opnast á því svíði. Olia er nú orðið eitt helzta hráefni í margskonar efnaiðnaði, svo að fullyrða má, að oliuhreinsunarstöð og hliðstæð starfsemi er nauðsynleg forsenda fyrir því, að veruleg þróun geti átt sér stað hér á landi til uppbyggингar efnaiðnaðar. Hefur þessi reynsla komið viða fram, þar sem oliuhreinsunarstöðvar hafa verið byggðar.“

(Morgunblaðið 6. febrúar 1964.)

Pessi ræða iðnaðarmálaráðherra hefur vakið óskipta athygli alþjóðar. Menn hafa fundið í þessum fyrirætlunum andblæ nýs tíma

og bjartari framtíðar. Með nýrri tækni og meira fjármagni mun þjóðin af manndómi, kjarki og framsýni stefna til vaxandi hagseldar og menningar.

En hvað segir stjórnarandstaðan um þetta?

Í ritstjórnarpistli sínum á hvíldardaginn segir Þjóðviljinn, sunnudaginn 9. febrúar s.l.:

„Mönnum kann að vaxa í augum, hve mikil fallorka enn er ónotuð á Íslandi, en ekki þarf mikla framsýni til að skilja, að við meggum sízt af öllu sóa þessari auðlind. Orkunotkun okkar hefur að undanföru tvöfaldatz á hverjum 10 árum, og þróunin verður eflaust enn örari í framtíðinni. . . . Í umræðunum um völd erlendra alúminiumhringa á Íslandi er um sjálfstæði þjóðarinnar og framtíð að tefla, ekki krónur og aura. Samningar við alúminiumhringana gætu orðið afdrifaríkari en samningarnir um Atlantshafssandalagið og hernámið.“

Geta menn nú velt fyrir sér, hvað er fráleitara í sjálfu sér: Andstaða kommúnista við stóriðju í landinu eða málflutningur þeirra, sem hér er viðhafður.

Í forustugrein Tímans 1. apríl s.l. kemur fram bergmálið af tóni Þjóðviljans í eftirfarandi mynd:

„Framsóknarflokkurinn hefur lagt til á Alþingi, að þingkjörin nefnd fái þessi mál til meðferðar. Stjórnarflokkarnir hafa enn ekki tekið afstöðu til þeirrar tillögu. Sú afstaða þeirra mun sýna, hvaða vinnubrögð þeir ætla að hafa — hvort þeir ætla að hafa samráð við andstæðinga sína, eins og þeir lálast vilja, eða hvort hér á enn að viðhafa svipuð vinnubrögð og í landhelgismálinu.“

Við sama heygarðshornið skulu þeir ætíð halda sig, Framsóknarmenn.

Gamalt drasl af Keflavíkurflugvelli

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1964 létu Framsóknarmenn sér mjög tilrætt um nauðsyn þess að endurnýja vélakost Vegagerðarinnar. Þóttu þeir mæla af nokkurri vndlætingu. Pannig sagði Hall-dór Sigurðsson 20. desember 1963 við 3. umræðu fjárlaga:

„Og það þýðir ekkert fyrir hæstvirtan ráðherra að fara að tala hér með hátiðleik um, að betri vinnubrögð, endurnýjaður vélakostur, þetta allt sé nú að gerast undir hans handleiðslu og mundi bæta úr stórkostlega. Þeir gleyma því stjórnarsinnar

oft, að þeir eru búinir að stjórna málum ríkisins sameiginlega, bessir flokkar, í 5 ár. Og það er nú tími til kominn að þeir fari að endurnýja einhverja vél, ef þeir hafa ekki gert það neitt fyrr.“

Ingólfur Jónsson, samgöngumálaráðherra, svaraði þessu nokkuð og mælti:

„En mér þykir nú heldur djúpt tekið í árinni, þegar sumir háttvirtir þingmenn halda því fram, að vegakerfið sé að drabbast niður, vegna þess að það hafi verið verr fyrir því séð nána síðustu árin heldur en áður t. d. á meðan háttvirtir Framsóknarmenn fóru með vegamálín. Þegar rétt er um vélakost Vegagerðarinnar, er náttúrlega margt sem mætti um það segja ... Og af hverju eru þessar vélar svona gamlar, slitnar og úreltar? Ég er sannfærður um, að háttvirtir alþingismenn hafa gert sér grein fyrir því. Það er vegna þess, að árum saman, í einn og hálfan áratug, var það látið nægja að kaupa gamlar vélar af varnarliðinu, slitnar og gamlar vélar. Gera þær svo upp með miklum kostnaði, og það eru þessar vélar, sem Vegagerðin hefur orðið að notast við og fleiri ríkisstofnanir í hálfan annan áratug. Og af því að ég var ekki alveg öruggur í sögunni og vildi aðeins fara með það, sem rétt er, þá hringdi ég í vegamálastjóra áðan og spurði hann um þetta, og hann staðfesti það, að það hafi ekki fengið vörubill og engin ný vél fyrr heldur en 1960. Á árunum 1947—1960 var aðeins keypt gamalt drasl af Keflavíkurflugvelli, vegna þess að það fékkst ekki gjaldeyrir til þess að fá nýtt. 1960 er svo byrjað að kaupa nýjar vélar.“

Hvað dvelur Eystein?

ENN er í minnum haft hið mikla ver�fall, sem háð var í 6 vikur vorið 1955. Þótti þá mörgum ábyrgum mönnum, að verkalýðssamtök-in stilltu kaupkröfum sínum svo hátt, að ekki gæti orðið að raunhæfum kjarabótum fyrir verkamenn. Þótt samið væri um nær helmingi lægri kauphækkun en verkalýðsfélögini kröfðust, fór það svo, að þessar aðgerðir ollu miklum verðhækkunum, en gerðu að engu það, sem ávannst í bili. Ekki gátu menn orða bundizt um þau mistök, sem hér höfðu verið gerð.

Í tilefni þessa mælti þáverandi fjármálaráðherra, **Eysteinn Jónsson**, í almennum stjórnmálaumræðum í útvarpinu, 9. maí 1955, á þessa leið:

„Ekki dred ég í efa, hvernig forustumenn verkalýðssamtak-anna í nágrannalöndum okkar hefðu farið að, ef þeir hefðu átt

að ráða fram úr málum sinna manna við ástæður hliðstæðar þeim, sem hér voru í vetur. Þeir hefðu fengið í lið með sér hina færstu menn, sérfróða í efnahagsmálum, og reynt að gera sér grein fyrir, hvort þeir mundu geta látið kauphækkun verða að raunverulegum ávinningi fyrir verkamenn. Þeir mundu vafalaust alveg sérstaklega hafa athugað, hversu hátt væri rétt að spenna bogann, til þess að ekki yrði sú verðhækkunarskriða losuð, sem gerði að litlu eða engu það, sem ávannst í bili. Þá hefði einnig áreiðanlega verið á það litið, að á tæpt vað var að tefla eins og afkoma atvinnuveganna hér óneitanlega er, og þess því verið vandlega gætt að taka ekki með holt og bolt kauphækkunarkröfur frá öllum stéttum, hvort sem þær voru hátt eða lágt launaðar, vel eða illa settar, því að með því móti étur hver upp broðurpartinn af annars hækkan, þegar 80% eða svo af landsmönnum tekur orðið tekjur sínar í kaupgjaldi. Þannig vinna áreiðanlega yfirleitt þeir menn, sem líta á verkalýðsfélögini sem hagsmunafélög verkamanna og telja sér skyld að stjórna baráttu þeirra í samræmi við það.“

(Alpingistíðindi, 1954, B, bls. 1711.)

Á s.l. ári voru enn meiri hækkanir en árið 1955. Hins vegar hefur Eysteinn Jónsson ekki enn skýrt fyrir þjóðinni, hvernig forustumenn verkalýðssamtakanna í nágrannalöndum okkar hefðu farið að, ef þeir hefðu átt að ráða fram úr málum sinna manna við ástæður hliðstæðar þeim, sem hér voru s.l. ár.

Hvað dvelur Eystein?

Hlutdeild launþega í þjóðartekjum

Í Fréttabréfi nr. 2 bls. 3—5 (Leiðin til bættra lífskjara) voru birtar bráðabirgðaniðurstöður athugana Efnahagsstofnunarinnar á þróun atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna samkvæmt árlegu úrtaki úr skattaframtölum, er Hagstofan hefur annað.

Endanleg skýrsla Efnahagsstofnunarinnar um þróun atvinnutekna og afstöðu þeirra til þjóðartekna árin 1948—1963 hefur nú verið birt í 13. hefti rits Framkvæmdabanka Íslands „Úr þjóðarbúskapnum“. Meginniðurstöðurnar eru dregnar saman í eftirfarandi yfirlitstöflu:

Visitöltur meðalatvinnutekna og þjóðartekna á mann.

Reiknaðar á föstu verðlagi.

	Atvinnutekjur verka- manna í Reykjavík	Atvinnutekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna í Reykjavík	Atvinnutekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna allt landið	Ráðstöfunartekjur verka-, sjó- og iðnaðar- manna allt landið	Þjóðartekjur, hreinar, á mann	Afstaða atvinnutekna til þjóðartekna á mann	Afstaða ráðstöfunar- tekna til þjóðartekna á mann
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	
1948 . . .	(100,0)	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	
1949 . . .		(98,5)	(95,7)	(95,7)	95,1	100,6	100,6
1950 . . .		(85,7)	(84,2)	(82,3)	86,2	97,7	95,5
1951 . . .	76,9	76,9	76,5	74,3	80,4	95,1	92,4
1952 . . .	70,3	71,9	75,5	71,3	77,7	97,2	91,8
1953 . . .	83,3	84,2	86,7	84,9	91,6	94,7	92,7
1954 . . .	91,7	89,0	93,5	92,5	98,2	95,2	94,2
1955 . . .	92,0	94,8	101,7	100,0	106,4	95,6	94,0
1956 . . .	97,5	98,2	103,8	99,5	105,7	98,2	94,1
1957 . . .	92,5	91,0	100,4	92,0	101,2	99,2	90,9
1958 . . .	99,0	97,8	109,2	104,3	111,0	98,4	94,0
1959 . . .	111,0	107,1	117,2	109,1	110,7	105,9	98,6
1960 . . .	103,4	102,8	112,8	113,5	109,7	102,8	103,5
1961 . . .	93,3	96,4	109,8	110,0	115,3	95,2	95,4
1962 . . .	102,9	106,7	119,6	121,3	122,3	97,8	99,2

Það eru að sjálfsögðu atvinnutekjur á öllu landinu, sem eru sambærilegar við þjóðartekjur. Með ráðstöfunartekjum er átt við atvinnutekjurnar að frádregnum beinum sköttum og að viðbættum fjölskyldubótum. Hefur sá mælikvarði fyllri þýðingu, þar sem reiknað er með bæði beinni og óbeinni skattlagningu af hendi hins opinbera og þeim bótum, sem fjölskyldufólk nýtur almennt. Hins vegar miðast útreikningur ráðstöfunarteknanna við fjölskyldufólk sérstaklega, og ná þær því til takmarkaðri fjölda.

Helztu niðurstöðurnar í athugun Efnahagsstofnunarinnar eru þessar:

,1. Tekjuskiptingin mæld eftir afstöðu atvinnutekna allþýðustéttanna, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna til þjóðartekna á mann á föstu verðlagi var árin 1959—1962 mjög litið breytt frá árinu 1948. Gildir það jafnt, hvort sem litið er til atvinnutekna fyrir skattlagningu eða til ráðstöfunartekna að frádregnum beinum sköttum og að viðbættum fjölskyldu-

bótum. Hins vegar voru þessar afstöður launþegum nokkuð óhagstæðari áratuginn 1950—1960 en þær voru bæði við upphaf og lok tímabilsins. Var afstaða atvinnuteknanna fyrir skattlagningu þá flest árin milli 95 og 98 miðað við 100 árið 1948. Afstaða ráðstöfunarteknanna var oftast milli 92 og 94. Í höfuðdráttum hefur hlutskipti launþega fylgt þróun þjóðartekna, en sérstaklega hagstæð afstaða tekna þeirra við upphaf og lok tímabilsins stendur meðal annars í sambandi við háar niðurgreiðslur og fjölskyldubætur.

2. Þýðingarmilklar breytingar hafa orðið á innbyrðis afstöðu atvinnuteknanna. Við upphaf tímabilsins voru tekjurnar mjög ójafnar eftir landshlutum, nærrí 30% lægri í kauptúnun en í Reykjavík og um 15% lægri í kaupstöðum. Atvinnutekjur þessara staða þróuðust síðan jafnt og þétt til jafnaðar við atvinnutekjur í Reykjavík. Fullum jöfnuði var náð árið 1957 og hafa meðal atvinnutekjur í kaupstöðum og kauptúnun síðan verið hærri en í Reykjavík.

3. Hlutföll atvinnutekna milli starfsstéttanna, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna breyttust litið fram til 1958. Tekjur sjómanna voru oftast um 12—16% hærri og tekjur iðnaðarmanna oftast um 10—16% hærri en tekjur verkamanna. Þó fór munurinn fremur minnkandi með árunum. Frá árunum 1958—59 hafa bilihilf aftur á móti aukizt verulega. Tekjur iðnaðarmanna hafa að vísu aðeins náð því hlutfalli við tekjur verkamanna, er þær höfðu áður, en tekjur sjómanna hækkuðu mjög mikil og voru 41% hærri en tekjur verkamanna síðustu tvö árin, b. e. 1961 og 1962. Á þessu mun þó að nýju hafa orðið mikil breyting til hlutfallslegrar lækknunar sjómannatekna á árinu 1963.“

(Úr Þjóðarbúskapnum, 13. febrúar 1964.)

Í umræðum um kjaramálin hendir það því miður oft, að fullyrðing stendur gegn fullyrðingu. Á þá almenningur oft erfitt með að greina, hvað satt er og rétt. Hér er um að ræða niðurstöðu fræðilegrar athugunar, sem ekki verður hnekkt. Af þessari niðurstöðu má draga þann lærðom, að

- 1) kjarabaráttan, rekin að hætti kommúnista, og nú síðari árin einnig Framsóknarmanna, hefur ekki reynzt árangursrík, hvorki til þess að örva þróun lífskjáraná né til þess að auka hlutdeild launþega í þjóðartekjunum,
- 2) kommúnistar treystust ekki til þess að bæta afstöðuna launþegum í vil, þegar þeir höfðu völdin, þótt þeir hafi um langt árabili haldið uppi hörðum árásum á ábyrg stjórnarvöld fyrir að skerða stórlægla lífskjör launþega og hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum,

- 3) skattbyrðin olli því, að afstaðan varð á valdatíma vinstri stjórnarinnar aldrei hagstæðari en hún var árið 1954 og óhagstæðust varð hún 1957, þótt svo liti út, sem afstaðan hefði batnað nokkuð, ef aðeins eru bornar saman atvinnutekjur og verðlag,
- 4) viðreisnarstjórnin kom á hagstæðastri hlutdeild launpega, sem bekkzt hafði, þar sem afstöðurnar voru árið 1962 svo til hinarsömu og árið 1948. Þess vegna hlutu hinar miklu launahækkanir á síðasta ári að setja efnahagskerfið úr skorðum, svo sem raunar var augljós tilgangur kommúnista og Framsóknarmanna,
- 5) hlutur landsbyggðarinnar, borið saman við Reykjavík, hefur aldrei verið hagstæðari en í tíð viðreisnarstjórnarinnar, gagnstætt því, sem Framsóknarmenn halda fram.

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisfloksins.
Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ísafoldarprentsmiðja h.f.